

IRIS ELLENBERGER

Heldur upp á gamla plötuspilarann sinn

• heimili
ALLT í MIÐJU BLAÐSINS



HERMANN HREIÐARSSON

Stórglæsilegt stjörnu-golf í Vestmannaeyjum

Boðsmót Hemma greinilega komið til að vera
FÓLK 16



ÍSGERÐUR ELFA GUNNARSDÓTTIR

Aftur á skólabeck í haust

Byrjar í stjórnmalfræði í haust
FÓLK 22



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

29. júní 2009 — 152. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

Ný ræðukeppni

Bragi Páll Sigurðarson heldur ræðukeppni fyrir almenning í sumar.

FÓLK 22



Nýtt járn með gamalli aðferð

Járn unnið í fyrsta skipti á Íslandi í 456 ár.

TÍMAMÓT 12



Á eyrinni

„Þeir voru sem sé um kyrrt „á eyrinni“ og af þeim sökum hefur verkfall æ síðan verið kallað „eyri“ (greve) á frönsku“, skrifar Einar Már Jónsson.

Í DAG 10

Níu í röð

FH-ingar eru óstöðvandi í Pepsi-deildinni og unnu sinn níunda leik í röð í gær.

ÍPRÓTTIR 18



VEÐRIÐ Í DAG



BJART EYSTRÁ Í dag verður hægviðri eða hafgola, léttskýjað austan- og suðaustanlands, annars víða skúrir. Hætt við þokulofti við austurströndina. Hiti 12-22 stig, hlýjast á Héraði.

VEÐUR 4

Bið eftir ættleiðingu lengist

Bið eftir ættleiðingu erlendra barna er þrjú til fjögur ár. Kona sem sótti um 2005 telur sig þurfa að bíða í um tvö ár í viðbót. Dómsmálaráðherra segir vandamálið alþjóðlegt. Færri börn gefin til ættleiðingar í Kína.

FJÖLSKYLDA Biðtími eftir ættleiðingum frá erlendum ríkjum er nú þrjú til fjögur ár. Fyrir nokkrum árum var biðtíminn mun styttri, eða um eitt til tvö ár. Þetta kemur fram í meistararitgerð í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík eftir Ólöfu Marínu Úlfarsdóttur.

Ísland hefur verið aðili að Haag-samningi um samvinnu varðandi ættleiðingar milli landa frá 2000. Helsta markmið samningsins var að stytta bið eftir erlendum börnum til ættleiðingar. Markmiðið hefur ekki náðst, að mati Ólafar. Þróunin sé frekar í hina áttina. „Biðtíminn er svo langur af því miklu meiri eftir-

„Mér sýnist ég vera að horfa upp á eitt og hálf til tvö ár til viðbótar.“

KAREN RÚNARSDÓTTIR
GJALDKERI ALÞJÓÐLEGRAR ÆTTLEIÐINGAR

spurn er eftir ættleiðingu heldur en framboð af börnum,“ segir hún. Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra segir vandamálið ekki séríslenskt heldur alþjóðlegt og aðallega til komið vegna þess hve langan tíma umsóknirnar taka ytra. Ragna segir það undir ættleiðingarfélögum komið að afla nýrra sambanda

við erlend ríki. Stjórnvöld búi aðeins til lagaumgjörðina, en geri það sem þau geta til að stöðja við bakið á félögum.

„Með því að afla nýrra sambanda gætu félögin opnað á ættleiðingarleiðir sem ekki eru til staðar í dag,“ segir Ragna. Þannig gæti biðtíminn styst.

Karen Rúnarsdóttir, gjaldkeri ættleiðingarfélagsins Alþjóðlegrar ættleiðingar, hefur sjálf verið á biðlista hjá Íslenskri ættleiðingu frá því í október 2005 vegna ættleiðingar frá Kína. Alþjóðleg ættleiðing var stofnuð síðasta haust og hefur það að markmiði að opna á

samninga við fleiri lönd en verið hefur á Íslandi. Nýlega var gengið frá samningum við Pólland.

Karen veit ekki hvenær kemur að sér. „Kínverjar gefa þá skýringu á biðinni að betra ástand sé í landinu og gefin séu færri börn til ættleiðingar,“ segir Karen. Þá hafi innlendum ættleiðingum þar fjölgað.

Hún segir að með þessu áframhaldi geti Íslendingar verið að horfa upp á enn lengri meðaltíma, allt upp í fimm ár. „Það eina sem maður getur gert er að fylgjast með og bíða. Mér sýnist ég vera að horfa upp á eitt og hálf til tvö ár til viðbótar.“

- vsp



Á PREMUR HJÓLUM Hjólreiðakappinn Magnús Bergsson var að hjóla á sunnanverðu Snæfelli þegar ljósmyndari Fréttablaðsins rakst á hann. Magnús er á leið um Vesturland og hafði jafnvel hugsað sér að hjóla alla leið til Vestfjarða. Hann segir nokkuð erfitt að hjóla um þjóðvegi landsins en þó verst að hjóla á þjóðvegi eitt vegna umferðarþunga, ekki síst í grennd höfuðborgarinnar. Umferðin til Reykjavíkur var gríðarþung síðdegis í gær. Sjá síðu 2


FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Davíð Oddsson og Árni Mathiesen skrifuðu undir ákvæði um Icesave-efndir: AGS-yfirlýsingu breytt vegna Icesave

EFNAHAGSMÁL Nokkrum dögum áður en skrifað var undir samning um lán Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til Íslands var gerð breyting á viljayfirlýsingu íslenskra stjórnvalda til sjóðsins og sérstaklega hnykk á því að Íslendingar hétu að standa við allar skuldbindingar sínar á grundvelli innistæðutryggingasjóðsins. Davíð Oddsson og Árni M. Mathiesen undirrituðu uppfærðu viljayfirlýsingu 19. nóvember, sama dag og lánið var samþykkt, eins og þá fyrri 3. nóvember. Eftirfarandi setningu var bætt inn í 9. lið uppfærðu yfirlýsingarinnar: „Ísland hefur heitið því að virða skuldbindingar á grundvelli innstæðutrygginga-

kerfisins gagnvart öllum tryggðum innláns höfnum.“ Nauðsynlegt var að herða á orðalaginu til að samningar næðust um lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, samkvæmt heimildum blaðsins. Það er í samræmi við yfirlýsingar Geirs H. Haarde og Steingríms J. Sigfússonar, um að samningar um Icesave-reikningana væru forsenda lánafyrirgreiðslu frá AGS. Franek Rozwadowski, sendifulltrúi AGS, sagði hins vegar í fréttum útvarps í gær að það mundi ekki hafa áhrif á fyrstu endurskoðun AGS-áætlunarinnar ef Alþingi myndi fella frumvarpið um ríkisábyrgð vegna Icesave-lánsins.

- sh



SUBWAY Opið allan sólarhringinn

N1 Ártúnshöfða • N1 Hringbraut

TENGI

Tilboð vikunnar

IFÖ Next sturtuklefi

Verð frá kr: **99.900,-**

Smiðjuvegi 76 | Baldursnesi 6
Kópavogi | Akureyri
Sími 414 1000 | Sími 414 1050

SPURNING DAGSINS



Valgeir, er ekki kominn tími á lög gamla fólksins?

„Klárlega.“

Platan Lög unga fólksins hefur öðlast „költ-status“ meðal menntaskólanema og fleiri. Valgeir samdi og flutti öll lög in plötunni fyrir 32 árum síðan.

Ristilkrabbamein er greint of seint segja stofnendur baráttusamtaka:

Einn deyr á viku að meðaltali

HEILBRIGÐISMÁL „Við teljum mikinn ávinning af skimun fyrir ristilkrabbameini,“ segir Skúli Skúlason, sem stýrt hefur undirbúningsvinnu fyrir stofnun félags fólks með ristilkrabbamein. Skúli segir þetta mikilvægt verkefni enda deyi vikulega einn Íslendingur af völdum ristilkrabbameins. Sjúkdómurinn er önnur algengasta dánarorsök af völdum krabbameina á Íslandi. Alls dó 271 á árunum 2002 til 2006, 122 konur og 149 karlar.

„Vandamálið er að krabbameinið greinist of seint og þrátt fyrir betri tækni þá er dánartíðnin hin sama og fyrir um 50 árum,“ segir Skúli. Hann bendir á að einfalt sé að

skima og ná góðum árangri gagnvart sjúkdómnum ef hann greinist á fyrri stigum. „Það tekur oft og tíðum fjölda ára fyrir þennan sjúkdóm að verða banvænan og þann tíma höfum við til að finna hann,“ segir Skúli.

Helstu einkenni ristilkrabbameins eru blóð í hægðum og þreyta. Skúli hvetur alla sem finna fyrir þessum einkennum að hafa samband við sinn lækni.

Þriðjudaginn 30. júní verða stofnuð samtök þeirra sem greinst hafa með ristilkrabbamein.

Fundurinn hefst kl. 20.00 í húsi Krabbameinsfélagsins við Skógarhlíð.



MIKILL ÁVINNINGUR AF SKIMUN Skúli Skúlason segir mikilvægt að skima fyrir ristilkrabbameini. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Dómur kveðinn upp í dag:

Madoff missir allar eignir

VIÐSKIPTI Fjármálsvikahraupurinn Bernard Madoff hefur fallist á kröfu bandarískra yfirvalda um að gefa eftir eignarhald á eignum að andvirði 170 milljarða Bandaríkjadala. Eiginkona Madoffs, Ruth, hefur jafnframt fallist á að láta eftir eignir að andvirði 80 milljóna dala. Ruth fær þó að halda eftir um 2,5 milljónum dala í reiðufé.

Madoff játaði sig sekan á því að hafa sviakið um 50 milljarða dala af viðskiptavinum sínum undanfarnin átug. Dómur í máli Madoff verður kveðinn upp í dag. Hann getur vænst allt að 150 ára fangelsi fyrir brot sín. - bpa



BÍLALEST Margir lögðu leið sína út úr bænum um helgina sem flestir þurftu að komast aftur heim um svipað leyti. Þeir komust ekki hratt yfir.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Pung umferð í allan gærðag :
Bíll við bíl alla leið frá Selfossi

SAMGÖNGUR Samfelld lest bíla á leið til Reykjavíkur var á Suðurlandsvegi langt fram eftir kvöldi í gær. Mestur var þunginn á bílinu þrjú síðdegis og fram undir kvöldmat, þegar bílarnir þokuðust áfram á 40 kílómetra hraða.

Umferðin á Vesturlandsvegi var líka þung allan daginn en gekk þó hraðar en á Suðurlandsveginum.

Bilvelta varð á Þingvallavegi á Mosfellsheiði á sjöunda tímanum í gærkvöldi. Ökumaðurinn, sem var einn í bílnum, var ekki í bílbelti og kastaðist út úr honum. Frekari upplýsingar um tildrög slyssins og líðan mannsins fengust ekki áður en Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi. - hhs

LÖGREGLUFRÉTTIR

Þyrla sótti slasaða stúlku

Þyrla Landhelgisgæslunnar var kölluð að félagsheimilinu í Eyja- og Miklaholtshreppi á laugardagsmorgun vegna þriggja ára gamallar stúlku sem fallið hafði um einn og hálfan metra niður á gólf. Hún reyndist ekki eins mikið slösuð og talið var í fyrstu.

Eiga 113 sumarhúsalóðir og 107 íbúðir

Bæst hefur í eignasafn bankanna í kjölfar kreppunnar. Bankarnir eiga á að minnsta kosti 347 eignir, bíla, hesthús, sumarhús auk fasteigna. Bankarnir hafa verið að yfirtaka eignir sem notaðar hafa verið sem veð vegna lána.

EFNAHAGSMÁL Nýja Kaupþing og Íslandsbanki eiga samanlagt 107 húseignir. Ekki fengust upplýsingar um eignir Landsbankans. Meðal annarra eigna þeirra eru 70 bílar, 3 hesthús og 3 íbúðahúsalóðir.

Berghildur Erla Bernharðsdóttir, upplýsingafulltrúi Nýja Kaupþings, segir að með versnandi efnahagsástandi hafi bæst nokkuð í eignasafn bankans og erfitt sé að segja til um nákvæmt verðmat eignanna. Hún segir að nokkrar af þeim átján sumarhúsalóðum og sextán sumarhúsum sem bankinn á hafi komið til vegna lána til verktaka.

Fram kemur í svári Gunnars Kristins Sigurðssonar frá upplýsingasviði Íslandsbanka að bankinn sé með um 70 bifreiðar í sölufrelsi. „Eignum bankans hefur fjölgað eins og viðbúið var í kjölfar versnandi efnahagsástands. Hins vegar er mikilvægt að hafa í huga að flest slík mál eiga sér langan aðdraganda, oft eitt ár aftur í tímann,“ segir Gunnar.

Hann segir að lóðir í eigu bankans koma bæði til vegna lána til einstaklinga og rekstraraðila. Gunnar



SUMARHÚS Bankarnir eiga fleiri fasteignir en fyrir kreppu. Verðmat fasteignanna er ekki ljóst. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

segir ómögulegt að gefa upp verðmæti eignasafnsins. Samkvæmt upplýsingum frá Landsbankanum hefur eign bankans aukist nokkuð frá hrúni bankakerfisins í október. Eignasafnið samanstendur mestmagnis af húseignum, íbúðalóðum og sumarhúsalóðum. Ekki fengust nákvæmar tölur um eign bankans þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir.

Fyrir í mánuðinum var greint frá því að Landsbankinn hafi fest kaup á 45 sumarhúsalóðum á upp-

boði í Grímsnesinu. Auk þess keypti Landsbankinn 26 sumarhúsalóðir og átta sumarhús á uppboði fyrir í vor á sama svæði. Því er ljóst að bankinn hefur eignast að minnsta kosti 71 sumarhúsalóð og 8 sumarhús.

Þar að auki eiga Kaupþing og Íslandsbanki 34 sumarhúsalóðir og 17 sumarhús. Ljóst er því að heildareign bankanna þriggja er að minnsta kosti 113 sumarhúsalóðir og 25 sumarhús. bta@frettabladid.is

EIGNIR LANDSBANKANS

Fjöldi eigna:	
Sumarhúsalóðir	71
Sumarhús	8
Samtals:	79

Ekki fengust tölur frá Landsbankanum um eignir bankans. Tölur hér að ofan eru fengnar úr fréttum að undanförmu af uppboðum á sumarhúsalóðum.

EIGNIR ÍSLANDBANKA:

Fjöldi eigna:	
Íbúðir	59
Íðnaðarhús/verslunarhús	17
Sumarhús	1
Íbúðahúsalóðir	3
Sumarhúsalóðir	16
Bifreiðar	70
Samtals:	166

EIGNIR KAUPÞINGS

Fjöldi eigna:	
Íbúðarhúsnæði	48
Hesthús	3
Sumarhúsalóðir	18
Íðnaðarhúsnæði	4
Verzlun & skrifstofur	13
Sumarbústaðir	16
Bílar	0
Bátar	0
Samtals:	102

Þrjár vinkonur flúðu atvinnuleysið til Færeyja í leit að sumarvinnu:

Vinna í frystihúsi fyrir fínustu laun

ATVINNUMÁL Í staðinn fyrir að mæla göturnar hafa margar leitað út fyrir landsteinana í leit að vinnu.

„Ég sá ekki fram á að fá vinnu í Reykjavík og mér bauðst að fara til Færeyja með tveim vinkonum mínum, án þess þó að vera með vinnu. En það var ekkert mál að fá hana þegar við vorum mættar á staðinn. Við fengum vinnu í frystihúsi í Fluglafirði og sökum slæmrar stöðu krónunnar þá erum við að fá fínustu laun,“ segir Oddný Björk Daniélsdóttir, 22 ára listfræðinemi í Háskóla Íslands. Hún sendir launin sín heim til Íslands til þess að borga upp skuldir.

Ásamt þeim vinkonum eru fjórir aðrir Íslendingar að vinna í sama frystihúsi, en einnig eru Íslendingar annars staðar í Færeyjum í sumarstarfi og von er á fleirum, að sögn Oddnýjar. - hds



ÍSLENDINGAR Í FÆREYJUM Þær Elinborg Ásdís Árnadóttir, Telma Tórshamar og Oddný Björk Daniélsdóttir vinna í frystihúsi í Fluglafirði í sumar. MYND/ÚR EINKASAFNI

Margfalt meira atvinnuleysi

Í maí í fyrra voru 409 einstaklingar á aldrinum 16 til 24 ára skráðir atvinnulausir. Nú eru þeir hins vegar 3.734 samkvæmt tölum Vinnuálastofnunar. Atvinnulausum á aldrinum 15 til 19 ára hefur fjölgað úr 114 manns á síðasta ári í 1.039 manns. Þá hefur skráð atvinnuleysi

meðal fólks á aldrinum 20 til 24 ára tífaldast, úr 295 manns í fyrra í 2.695 manns.

„Þetta eru mjög háar tölur en ég tel að það séu alls ekki allir námsmenn sem raunverulega eru atvinnulausir skráðir hjá Vinnuálastofnun. Þannig að ég held að tölurnar séu mun hærri en þetta,“ segir Hildur Björnsdóttir, formaður Stúdentaráðs.

Bót í máli
Átt þú rétt á slysabótum?
Fyrsta flokks ráðgjöf um bótarétt vegna slysa
- þér að kostnaðarlausu

LANDSLÖG
S L Y S A B Æ T U R

Sími: 520 2900
landslog.is

Fjölskylduhátíð í Straumsvík miðvikudaginn 1. júlí

Í tilefni af því að 40 ár verða liðin frá því að byrjað var að framleiða ál í Straumsvík efnum við til fjölskylduhátíðar í álverinu **miðvikudaginn 1. júlí klukkan 15:00-19:00**. Fjölbreytt fræðslu- og skemmtidagskrá verður í boði fyrir alla fjölskylduna.

Skemmtan

- Ræningjarnir þrír úr Kardemommubænum – kl. 15:30 og 17:00
- Sveppi og Villi skemmta – kl. 16:00 og 17:30
- Kvinnakór Hafnarfjarðar – kl. 16:30 og 18:00
- Kassabílabraut og hoppukastalar
- Ökuleikni starfsmanna
- Sirkusskólinn – líflegir trúðar skemmta börnunum

Fræðsla

- Heimsókn í kerskála
- Ljósmyndir úr sögu álversins
- Rútuferð um athafnasvæðið með leiðsögn
- Tækjasýning
- Fræðsluspjöld um starfsemina

Athugið: Frjár rútuferðir verða til og frá álverinu frá bílastæðinu við „græna húsið“ á Ásvöllum (fyrir framan íþróttahús Hauka og Europris). Við hvetjum fólk til að nýta sér rúturnar.

- Afmælisterta
- Kaffi og vínarbrauð
- Pylsur og gos
- Allir fá ISAL-nammi og ISAL-púsluspil
- Glæsilegt happdrætti og barnareiðhjól í aðalvinning!

Verið velkomin til Straumsvíkur!

Rio Tinto Alcan
Straumsvík
Pósthólf 244
222 Hafnarfjörður

Sími 560 7000
www.riotintoalcan.is

Rio Tinto Alcan
ISAL-STRAUMSVÍK

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	126,88 127,48
Sterlingspund	209,25 210,27
Evra	178,68 179,68
Dönsk króna	23,992 24,132
Norsk króna	19,726 19,842
Sænsk króna	16,234 16,330
Japanskt jen	1,3270 1,3348

SDR	196,68	197,86
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
217,6938		
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Íranar handtóku starfsmenn breska sendiráðsins: Bretar reiðir Íransstjórn

ÍRAN, AP Írönsk stjórnvöld létu í gærmorgun handtaka níu íranska starfsmenn breska sendiráðsins í Teheran. Þeir voru sakaðir um að kynda undir mótmælunum í borginni síðustu vikur.

David Miliband, utanríkisráðherra Breta, brást harkalega við fregnum af handtökunum, og sagði þær óviðunandi ögrun við Bretland og Vesturlönd og dæmi um skipulagðar ofóknir Írana. „Það er alls enginn grundvöllur fyrir vangaveltum um að breska sendiráðið standi að baki mótmælunum í Teheran,“ sagði Miliband. Fjórum starfsmannanna var slepp síðar í gær.

Utanríkisráðherrar Evrópu-sambandsríkja voru staddir á fundi í Corfu á Grikklandi og sendu frá sér sameiginlega yfirlýsingu vegna tíðindanna. Þeir gerðu írönskum stjórnvöldum það ljóst að Evrópu-sambandið mundi mæta því af hörku ef ekki yrði látið af ofsóknum og ögrunum í garð sendiráðsstarfsmanna. Íranska lögreglan réðst í gær til atlögu við um þrjú þúsund mótmælendur nærri mosku í norðanverðri Teheran. Mótmælendur krefjast þess sem fyrr að úrslit nýafstaðinna forsetakosninga í landinu verði ógilt, enda hafi Mahmoud Ahmadinejad ekki verið réttmætur sigurvegari þeirra. -sh



MÓTMÆLT UM HEIM ALLAN Íranar í Japan mótmæltu í gær niðurstöðum írönsku kosninganna og tóku þar undir með löndum sínum búsettum í Íran. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



ÓPIUMRÆKT Barátta gegn valmúarækt í Afganistan hefur litlu skilað.

NORDICPHOTOS/AFP

Fíkniefnabaráttan í Afganistan:

Segja stefnuna vera fullkomna

AFGANISTAN, AP Ráðherra fíkniefnabaráttan í Afganistan sagðist í gær hafa fullkomna stefnu í baráttunni gegn fíkniefnum. Ummælin lét hann falla í kjölfar þess að Bandaríkjamenn ákváðu að láta af stuðningi sínum við baráttuna í núverandi mynd.

Bandaríkjamenn hafa hingað til liðsinnit afgömskum stjórnvöldum við að sporna við gríðarmikilli valmúarækt í landinu, en úr valmúa er óþíum unnið, meðal annars með því að brenna akrana. Þetta hefur hins vegar litlu sem engu skilað. Þeir vilja því frekar freista þess að fá bændurna til að rækta eitthvað annað á ökrunum. -sh

Fimm ungmenni í bílslysi:

Þrjú eru enn inni á spítala

SLYS Tvær þeirra þriggja stúlkna sem slösuðust þegar bíll lenti utan vegar í Fagradal í Fjarðabyggð á laugardag hafa verið útskrifaðar af Sjúkrahúsinu á Akureyri. Sú þriðja slasaðist ekki alvarlega og mun að öllum líkindum útskrifast á næstu dögum.

Tveir menn, sem voru með stúlkunum í bílnum, voru fluttir á slyshadeild Landspítalans í Reykjavík. Þeir slösuðust alvarlega en þó ekki lífshættulega, samkvæmt upplýsingum frá Landspítalanum. Líkast til verða þeir útskrifaðir í vikunni. -hhs

Stórhættulegt svæði

Varla hefði þurft að spyrja að leikslökum ef pilturinn, sem féll ofan í sprungu á Langjökli á laugardag, hefði ekki fyrir algjöra mildi náð að stöðva sig á syllu á tólf metra dýpi. Hann slasaðist lítillega. Tugir manna tóku þátt í björguninni.

BJÖRGUN „Þetta er ekki þannig svæði að mönnum ætti að detta í hug að fara um það á snjóleða. Það er stórhættulegt. Drengurinn fer niður í hallann, þar sem allt er krosssprungið yfir sumar-tímenn. En þetta skrifast bara á ókunnugleika,“ segir Snorri H. Jóhannesson í Björgunarsveitinni Ok í Borgarnesi. Hann var einn af tugum björgunarsveitarmanna sem kallaðir voru út á Geitlandsjökul, vestasta hluta Langjökuls, á laugardag. Þar hafði fimmtán ára drengur fallið um fimmtán metra ofan í jökulsprungu. Hann lenti á syllu niðri í sprungunni og náði að halda sér á henni í um tvær klukkustundir, eða þangað til björgunarsveitarmenn hífðu hann upp.

Svo virðist sem drengurinn hafi lenti í hliðarhalla, átt erfitt með að snúa aftur upp og því smáþokast niður eftir jöklinum. Hann hafi stöðvað sleðann og ætlað að ganga til baka en þá dottið ofan í sprunguna. Þeir sem voru með honum komu svo að sleðanum mannlásum. Þeir brugðust hárrétt við, að mati Snorra, og gerðu björgunarsveitum strax viðvart. Stuttu síðar höfðu þeir komist að því hvar hann fór niður og höfðu náð sambandi við hann.

Talið er að að minnsta kosti tvö hundruð manns hafi verið uppi á Langjökli á laugardag, í ýmiss konar útivist. Fyrstu fréttir af slysinu sögðu ekki annað en að sleðamaður hefði farið ofan í sprungu á Langjökli. Við það urðu allar línur rauðglóandi hjá björgunarsveitum og Landhelgisgæslunni, og ljóst að fjöldi manns óttadist um aðstandendur sína, áður en frekari fréttir bárust af slysinu. „Þessi jökull er orðinn að þvílíku leiksvæði að það er undravert



BJÖRGUN Mesta mildi þykir að fimmtán ára drengur hafi sloppið með lítil sem engin meiðsl, eftir að hafa hrapað tólf metra ofan í jökulsprungu. MYNDIR/PÖRDUR GUBNASON

hvað verður í raun lítið um óhöpp á honum,“ segir Snorri.

Björgunin þótti takast vonum framur vel. Sigurður Axel Axelson, undanfari í Björgunarsveit Akraness, var einn þeirra fyrstu á svæðið. Hann beið við brún sprungunnar á meðan félagi hans seig niður til drengsins. „Það gekk mjög vel að koma honum á börur og hífa hann upp. Stuttu seinna var hann kominn í þyrluna, svo þetta gekk mjög vel í alla staði. Það var sumarveður, svo þetta var björgun við bestu aðstæður.“

Hann segir ótrúlega mildi að

ekki hafi farið illa. „Þetta var þínulítil sylla sem hann lenti á. Ef hann hefði farið ofan í sprunguna annars staðar hefði hann sennilega hrapað tíu til fimmtán metra í viðbót. Þetta var eiginlega eins og í einhverri ævintýrabók. Hann er mjög heppinn.“

Drengurinn var orðinn kaldur niðri í sprungunni en kenndi sér að öðru leyti lítills meins. Hann var fluttur með þyrlu til Reykjavíkur og liggur nú inni á Barnspítala Hringingsins, þaðan sem hann mun útskrifast á næstu dögum.

holmfridur@frettabladid.is

Lát Michaels Jackson: Fjölskyldan vill eigin rannsókn

FÓLK Fjölskylda Michaels Jackson er óánægð með rannsóknina á dauða hans og vill hefja nýja rannsókn upp á eigin spýtur.

Engar vísbendingar fundust um dánarsök þegar Michael Jackson var krufinn á föstudaginn. Dánardómstjóri segir að



MICHAEL JACKSONS

frekari rannsóknir hafi verið fyrirskipaðar, meðal annars til þess að komast að því hvaða lyf poppstjarnan hafi tekið fyrir dauða sinn.

Fjölskylda Michaels Jackson hefur fengið lík hans afhent og ætlar að láta gera sína eigin krufningu. Fyrstu niðurstöður opinberrar krufningar leiddu banamein hans ekki í ljós.

Ólafur F. Magnússon:

Tillögur mínar eru skýrar

SAMGÖNGUR Ólafur F. Magnússon bókaði athugasemd á fundi umhverfis- og samgönguráðs Reykjavíkur á þriðjudag. Þar lýsir hann þungum áhyggjum vegna þess að lítið sem ekkert miðar í tillögum hans í umferðaröryggismálum.

Í þeim er meðal annars gert ráð fyrir að öll umferðartengsl byggðar í Kjalarnesi við Vesturlandsveg verði mislæg hið fyrsta.

„Tillögur mínar eru skýrar og markvissar,“ segir Ólafur. Hann ítrekaði jafnframt tillögu sína um að vinstri beygja verði bönnuð frá Hringbraut inn á Birkimel í kjölfar banaslyss í lok maí. -vps

Sumarleikur Skeljungs: Þú gætir unnið 30.000 kr. inneignir í sumar!

Vörumerki Shell eru notað af Skeljungi með leyfi Shell Brands International AG.

VEÐURSPÁ

Sigurður P. Ragnarsson veðurfræðingur

AUSTURLANDIÐ MEÐ VINNINGINN
Ekkert lát er á hlýindunum sem verið hafa þó menn fari vissulega misvel út úr þeim. Þannig hefur þokuloft við strendur austan- og norðanlands dregið bæði fyrir sólu og haldið hitanum niðri. Áberandi hlýjast verður til landsins á Austurlandi. Þótt sólar njóti síður við annars staðar verður almennt mjög hlýtt til landsins

Á MORGUN
Hægviðri eða hafgola, þoka með ströndum N- og A-til

MÍÐVIKUDAGUR
3-8 m/s

HEIMURINN

Alicante	31°
Amsterdam	24°
Basel	28°
Berlin	28°
Billund	26°
Eindhoven	28°
Frankfurt	29°
Friedrichshafen	26°
Gautaborg	29°
Kaupmannahöfn	25°
Las Palmas	27°
London	28°
New York	28°
Orlando	33°
Ósló	28°
Paris	29°
Róm	30°
Stokkhólmur	26°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

Sportbúðin er ódýrari og í leiðinni úr bænum

Besta verðið í bænum



Ron Thompson alklæðnaður í veiðina.
Góðar neoprenvöðlur og vatnsheldur jakki með útöndun.
Fullt verð 40.990. Sumartilboð aðeins 28.980.

Bæjarins besta verð



Lítið dæmi um gott verð.
Bæjarins langbesta
verð. 299 kall stykkið.

Við erum ódýrari



Okuma Airframe fluguhjól.
Sterk og létt "large arbour" fluguhjól með góðri
diskabremsu. Fáanleg í tveim stærðum.
Fullt verð 7.995. Sumartilboð aðeins 4.895.

Á sjó



DAM Power Pirate sjóhjól.
Vönduð og sterk sjóhjól frá þessum
þekktu þýska framleiðanda.
Sumartilboð aðeins 7.995.

Flugulínur á áður óþekktu verði



Flotlínur aðeins 4.995.
Fáanlegar fyrir 5, 6, 7 og 8

Öruggir stangarhaldarar



Original Vac Rack
stangarfestingar á tilboði.
Aðeins 9.995

við erum í leiðinni úr bænum



Beitan í veiðina.
Makrillinn og ormarnir í veiðitúrinn.

5 ókeypis spúnar í kaupbæti

Góð kaup



Ron Thompson Carbostick kaststöng.
Vönduð og sterk þriggja hluta veiðistöng.
Sterkur hlífðarhólkur fylgir.
Fullt verð 18.995. Sumartilboð aðeins 13.980.

Hálfvirði



Okuma og DAM veiðihjól.
50% afsláttur af völdum hjólum.
Gott úrval og frábært verð.

Frábært verð



Veiðivesti á ótrúlegu verði.
Aðeins frá 2.995



SPORTBÚÐIN

Í leiðinni úr bænum

Sportbúðin Ódýra veiðibúðin

Krókháls 5 - 110 Reykjavík - 517 8050 - sportbudin.is

KJÖRKASSINN



Átt þú plötu með Michael Jackson?

Já 30%
Nei 70%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Er frekari hækkun áfengis- og tóbaksgjalda góð leið til að auka tekjur ríkissjóðs?

Segðu skoðun þína á visir.is.

645 hundar á vorsýningu:

Írsk setter-tík valin sú besta

GÆLUDÝR Cararua Alana, tæplega fimm ára gömul írsk setter-tík, var valin besti hundur sumar-sýningar Hundaræktarfélag Íslands í gær. „Í ár vorum við með fimm erlenda dómara og þeim bar saman um að hún væri verðug þessa titils. Ég er auðvitað að vöðalega stolt af henni,“ segir Jóna Viðarsdóttir, eigandi tíkarinnar og jafnframt formaður HRFÍ.

Sýning HRFÍ stóð yfir alla helgina. Vel þótti takast til og sýningin var vel sótt. Á henni komu fram hvorki meira né minna en 645 hundar af 82 hundakynjum.

- hhs



BEST Cararua Alana heitir hún, tíkin sem valin var besti hundur sýningar Hundaræktarfélag Íslands sem stóð yfir alla helgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Grunur um vélarbilun:

Flugvélin lenti harkalega

SAMGÖNGUR Grunur um vélarbilun olli því að flugvél Iceland Express fékk forgang við lendingu á Keflavíkflugvelli í fyrrinótt. Lendingin var töluvert harkaleg að sögn farþega sem sumum brá í brún er vélin var stöðvuð á miðri flugbraut og slökkviliðið kom á staðinn.

Matthías Imsland, forstjóri Iceland Express, sagði í samtali við fréttavefinn Vísi að viðvörnarljós hefði gefið til kynna að bilun væri í einu af þremur bremsukerfum flugvélarinnar. Bilunin reyndist hins vegar ekki alvarleg og vélin fór aftur í loftið í gær.

Sögur og

sagnir

í Elliðaárdal

Gengið neðan Árbæjarstíflu. Þriðjudagskvöldið 30. júní verður farin göngu- og fræðsluferð í Elliðaárdal undir leiðsögn

Stefáns Pálssonar sagnfræðings. Dalurinn á sér merka sögu, allt

frá komu Ketilbjarnar gamla landnámsmannsins þangað. Gengið verður um og sagðar sögur. Gangan hefst kl. 19.30 við Minjasafnið í Elliðaárdal.



Orkuveitan niðurgreiddir vatn til sundlauganna í Reykjavík.

www.oris

Rafskutlur og Golfhjól á frábæru verði.



Rafskutlur
á kr 179.000 –

Golfhjól
frá kr 189.000



H-Berg ehf. • Grandatröð 5 • Hafnarfjörður • S: 866-6610
www.hberg.is • hberg@hberg.is



Forsetinn sendur í útleigð til Kostaríku

Herinn rændi völdum í Hondúras í gær að kröfu hæstaréttar landsins og sendi forsetann Manuel Zelaya í útleigð. Hann vildi breyta stjórnarskránni svo hann gæti setið lengur í embætti. Lagt til að forseti þingsins taki við sem forseti.

HONDÚRAS, AP Hermenn handtöku í gærmorgun Manuel Zelaya, forseta Hondúras, og sendu hann í útleigð til Kostaríku. Herinn hefur nú rænt völdum í Hondúras að ósk hæstaréttar landsins. Þing landsins fjallaði í gærkvöldi um tillögu þess efnis að forseti þingsins yrði útnefndur nýr forseti.

Zelaya var tekinn höndum á náttfötunum í forsetahöllinni af um hundrað vopnuðum hermönnum. Hann var fluttur á herflugvöll og þaðan flogið með hann til Kostaríku. Zelaya óskaði í gær eftir pólitísku hæli í landinu.

Byltinguna má rekja til umdeildrar stjórnarskrár-breytingar sem til stóð að þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram um í gær.

Forseti Hondúras má einungis sitja í eitt kjörtímabil, en Zelaya, sem tók við forsetaembættinu árið 2006, vildi breyta stjórnarskránni þannig að hann gæti setið lengur.

Hæstiréttur landsins úrskurdaði breytinguna ólögmæta, auk þess sem allir ædstu yfirmenn hersins voru mótfallnir því að atkvæðagreiðslan færi fram og reyndu að koma í veg fyrir það. Zelaya brást



BYLTINGU MÓTMÆLT Stuðningsmenn Zelayas reyna að hindra för hermanna eftir valdaránið í gær. Mikil ólga var í höfuðborginni Tegucigalpa.

NORDICPHOTOS / AFP

við með því að reka þá flesta úr embætti. Það varð til þess að yfirmenn hersins óttuðust mjög að Zelaya hygðist draga úr völdum hans.

Hæstiréttur Hondúras fyrirskipaði hernum síðan í gærmorgun að fjarlægja Zelaya úr embætti, enda stæði hann í vegi fyrir því að lögum og reglum væri framfylgt.

Patricia Rhodas, utanríkisráðherra Hondúras, hvatti í gær almenning í landinu til að berjast

fyrir því á götum úti að Zelaya fengi að snúa aftur.

Valdaránið hefur vakið hörð viðbrögð ýmissa þjóðarleiðtoga. Zelaya var náinn pólitískur bandamaður Hugos Chavez, forseta Venesúela, og Evos Morales, forseta Perú. Báðir fordæmdu handtöku hans í gær. Cristina Fernández de Kirchner, forseti Argentínu, sagði atburðina vera afturhvarf til villimennsku.

Barack Obama Bandaríkjaforseti lýsti yfir miklum áhyggjum af ástandinu og hvatti leiðtoga í Hondúras til að virða lýðræðislegar reglur og lög. Þá hefur Samband Ameríkuríkja boðað til neyðarfundar vegna málsins.

Fregnir búrast jafnframt af því að sendiherrar Níkaragva, Kúbu og Venesúela hefðu verið fluttir úr landinu með valdi.

stigur@frettabladid.is

LITLU STÆRRA EN ÍSLAND

■ Hondúras er í Mið-Ameríku, og á landamæri að Gvatemala í vestri, El Salvador í suðvestri og Níkaragva í suðaustri.

■ Um sjö og hálf milljón manna býr í Hondúras. Landið er næstfjölmennast Mið-Ameríkuríkja.


■ Hondúras er 112 þúsund ferkílómetrar að flatarmáli - litlu stærra en Ísland.

■ Höfuðborgin heitir Tegucigalpa og gjaldmiðillinn kallast lempira.

■ Hondúras hlaut sjálfstæði frá Spánverjum árið 1821.

Neytendur: Heimsmet í okri?

Eyrnatappar með 740% verðmun?



DR. GUNNI
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Það er margt að varast í okrinu. Eitt fáránlegasta dæmið kom nýlega inn á borð frá Eiríki Egilssyni. Það er eiginlega sprenglæglegt í ósvífni sinni. „Mig vantaði eyrnatappa og rak augun í „ferðasett“ í Eymundsson í Smáralind, sem innihélt 2 pör af eyrnatöppum,“ skrifar Eiríkur. „Settið kostaði 720 kr. Það eina aukalega sem „ferðasettið“ inniheldur er plast-draslumbúðir sem fara hvort er beint í ruslið. Mér fannst þetta helst til of mikið fyrir eyrnatappa svo að ég labbaði yfir ganginn þar sem Lyfja er. Nákvæmlega eins tappar, eitt par, kostar 43 kr. þar, eða 86 kr. fyrir það sama og kostar 720 kr. hinum megin gangsins!“



EYRNATAPPAR Hér má sjá verðmuninn sem Eiríki blöskraði.

Það er nefnilega það, ekki nema 740% verðmunur! Eiríki varð svo mikið um að hann tók myndir af herlegheitunum og sendi með.



REYKJAVÍK VERSLUNAKFERÐ '08



EGILSTADÍK 2007



VESTMANNAEYJAK '08



AKUREYRI SKÍÐAFERÐ 2009

SKEMMTUM OKKUR INNANLANDS

Sumum finnst gott að fara til útlanda þar sem enginn þekkir mann. Öðrum finnst betra að vera þar sem allir þekkja alla. Fyrir vestan, norðan, austan og sunnan er alltaf eitthvað að gerast hverja einustu helgi og alltaf hægt að finna góða vini.

BÓKAÐU NÚNA Á WWW.FLUGFELAG.IS



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

Lagersala

20-75% afsláttur



SÝNINGARINNRETTING
GRANÍTVASKAR OG STÁLVASKAR
GASHELLUBORÐ
INNBYGGÐIR KÆLI- OG FRYSTISKÁPAR
HÁFAR Á VEGG OG YFIR EYJUR
OFNAR OG GASELDAVÉLAR

Frábært tækifæri til að eignast glæsileg heimilistæki á frábæru verði. Takmarkað magn af sýningar- og lagertækjum ásamt lítið útlitsgölluðum tækjum.

Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur heimilistæki á tækifærisverði.



EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

VÍSIR.IS
 "...ég sá það á vísi"

Lögreglan og Rauði kross Íslands aðstoða fólk sem kemur að slysstað:

Veita sálrænan áfallstuðning

LÖGGÆSLA Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu og Rauði kross Íslands hafa gert með sér samkomulag um að veita sálrænan stuðning fólki sem komið hefur að vettvangi alvarlegra atburða þar sem kallað er eftir aðstoð lögreglunnar.

Lögreglan mun afhenda þeim sem koma að eða verða vitni að alvarlegum atburðum handhægt kort með upplýsingum um þau áhrif sem atvikið getur haft á líðan viðkomandi. Á kortinu er fólki bent á að full ástæða geti verið til að viðra reynslu sína við góðan vin eða sjálfbodaliða Hjálparsíma Rauða krossins,

1717, sem er gjaldfrjálgs og opin allan sólarhringinn. Allir sjálfbodaliðar Hjálparsímans 1717 eru sérstaklega þjálfaðir til að veita sálrænan stuðning.

Samkomulagið er gert til að aðstoða fjölda venjulegra borgara sem koma að eða verða vitni að alvarlegum atburðum. Áður en lögregla eða slökkvilið koma á vettvang hefur venjulegt fólk iðulega lagt sig fram um að sinna bráðaaðgerðum til bjargar lífi og heilsu þeirra sem orðið hafa fyrir áfalli. Þátttaka í atburðum af þessu tagi getur haft áhrif á andlega líðan viðkomandi í bráð og lengd.



UNDIRRITUN Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands, og Stefán Eiríksson lögreglustjóri undirrituðu samkomulagið.

Framlög til háskóla hærri 2010 en 2008

Framlög til háskóla hafa vaxið mjög að umfangi síðustu árin og meira en þrefaldast síðan árið 2000. Þrátt fyrir niðurskurð í ár verða þau hærri á næsta ári en þau voru árið 2008. Launakostnaður er langstærsti útgjaldaliður skólanna.

MENNTAMÁL Framlög til háskóla hafa meira en þrefaldast á síðustu níu árum. Árið 2000 námu framlög ríkisins til allra skólanna 4,3 milljörðum króna. Á fjárlögum 2009 nemur sú upphæð 14,5 milljörðum. Framlög til skólanna á næsta ári verða hins vegar skert um 8,5 prósent á næsta ári.

Eftir niðurskurðinn verða framlögin engu að síður hærri en árið 2008, en þá námu þau 12,9 milljörðum króna. Miðað við 8,5 prósentu niðurskurð á næsta ári verður framlagið 2010 13,3 milljarðar króna.



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

Langstærsti hluti framlaga fara til Háskóla Íslands, eða 9 milljarðar. Það er mikil aukning frá árinu 2000, en þá nam framlagið 2,7 milljörðum króna. Til Háskólans í Reykjavík fara í ár 2,2 milljarðar og 1,4 til Háskólans á Akureyri. Sá síðastnefndi fékk árið 2000 399 milljónir króna. Háskólinn í Reykjavík var þá rekinn undir nafninu Viðskiptaháskólinn í Reykjavík og fékk úthlutað 212 milljónum. Tækniskólinn, sem nú tilheyrir Háskólanum í Reykjavík, fékk árið 2000 263 milljónir króna.

Rétt er að geta þess að eftir á

Framlög- in hafa aukist jafnt og þétt síðustu ár en mest var aukningin árið 2008. Þá fóru þau úr 10,5 milljörðum árið áður í 12,9 milljarða.



HÁSKÓLI ÍSLANDS Langstærstur hluti fjárveitinga til háskóla fer til Háskóla Íslands, 9 milljarðar af 14,5 milljörðum í ár. Útgjöld til háskólanna voru árið 2000 4,3 milljarðar og hafa því meira en þrefaldast á níu árum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

að taka tillit til verðlagsuppbóta í þeim tölum sem birtar eru fyrir árið 2009, en fjármálaráðuneytið uppfærir reikningana í ágúst.

Á fjárlögum 2009 fara 668 milljónir til Listaháskóla Íslands, 522 til Landbúnaðarháskóla Íslands, 348 til Háskólans á Bifröst og 260 til Hólaskóla - Háskólans á Hólum.

Menntamálaráðuneytinu er gert að skera niður um 3,7 milljarða á næsta ári. Auk 8,5 prósentu niðurskurðar í háskólum verður skorið niður um 5 prósent í framhaldsskólum og um 1 milljarð til menningarmála.

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra segir að í niðurskurðartillögum verði reynt að standa vörð um kjarnastarfsemina.

kolbeinn@frettabladid.is

FRAMLÖG TIL HÁSKÓLA *

2000	4.335,4
2001	4.799,5
2002	5.883,8
2003	6.483,9
2004	7.347,5
2005	8.009,6
2006	9.184,3
2007	10.450,3
2008	12.867,7
2009	14.455,1 **

* í þúsundum króna.
 ** Án tillits til verðlagsþróunar



AUKAKRÓNUR

66 rósir á ári fyrir Aukakrónur

Þú getur keypt ilmandi rauða rós á sex daga fresti hjá Blómaverkstæði Binna fyrir Aukakrónurnar sem safnast þegar þú notar A-kortið þitt - eða eitthvað annað sem þig langar í hjá samstarfsaðilum Aukakróna.

Sæktu um A-kort á www.aukakronur.is

* M.v. 150 þúsund kr. innlenda verslun á mánuði, þ.a. 1/3 hjá samstarfsaðilum. Sjá nánar á www.aukakronur.is.



A-kortin
 Kreditkort sem safna Aukakrónum fyrir þig





PRÝSTIJÖFNUNAR SVAMPSRÚM

30%

AFSLÁTTUR!



- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Engin hreyfing milli svefnsvæða
- Hefur óviðjafnlega þyngdardreyfingu
- Kemur líkamanum í rétta stellingu til hvíldar
- Þarf ekki að snúa
- 10 ára ábyrgð

**PRÝSTIJÖFNUNAR-
SVAMPSRÚM**
(Queen size 153x203)
Verð frá 165.500 kr.

**Verð nú frá
115.850 kr.**

**FJÖLSTILLANLEG HÁGÆÐA
AMERÍSK HEILSURÚM Á
30% AFSLÆTTI!**



S-CAPE

Fjölstillanlegt amerískt
heilsurúm með hágæða
heilsudýnu (2x97x203)
Verð frá 821.114 kr.

**Verð nú frá
574.480 kr.**

WALLHUGGER

Fjölstillanlegt amerískt
heilsurúm með hágæða
heilsudýnu (2x97x203)
Verð frá 676.114 kr.

**Verð nú frá
473.279 kr.**

AFRPH 0669

rekkjan

Öryggi á norðurlóðum:

Varnir Íslands

JÓN KALDAL SKRIFAR

Um árabíl hefur verið óheppileg slagsíða á umræðum um öryggis- og varnarmál Íslands. Meginástæðan fyrir því er að málaflökkurinn hefur svo til óslitið verið á forræði hægri manna. Fyrir vikið hafa ýmsir, sérstaklega þeir sem eru utarlega á vinstri kantinum, getað leyft sér ansi léttúðuga, ef ekki beinlínis ábyrgðarlausu afstöðu til þátttöku Íslands í alþjóðlegu varnarsamstarfi.

Eins og við höfum séð á viðsnúningi Steingríms J. Sigfússonar í Icesave-deilunni, getur það hins vegar breytt ansi miklu hvort menn eru í hlutverki gagnrýnandans eða þess sem framkvæmir og ber ábyrgðina. Munurinn er dálítið eins og á áhorfendum á fótboltaleik og þeim sem eru inni á vellinum. Í stúkunni er hægt að hrópa og baula eins og mann lystir, jafnvel fara heim í miðjum leik ef manni líkar ekki það sem er að gerast. Leikmennirnir hafa ekki það val.

Það er hollt fyrir íslensk stjórnarmál og umræðubroskann að Vinstri græn séu komin yfir stúkunni og inn á völinn.

Það á til dæmis örugglega við um varnarmálin.

Hugmyndin um að Ísland þurfi ekki á vörnum að halda er falleg og geðþekkt. Hún er þó því miður ekki raunhæf. Heimurinn er víðsjárverður og lítið land getur verið fljótt að einangrast.

Um öll Norðurlöndin er vaxandi áhersla á öryggis- og varnarmál. Ástæðan er ekki síst fyrirséð opnun á siglingaleiðum um heimskautasvæðið og mögulegar deilur um nýtingu náttúruauðlinda þegar ísinn minnkar. Í öllum tilvikum er horft til mögulegrar ógnar úr austri þar sem Rússar eru teknir til við að efla heri sína á nýjan leik.

Áhyggjurnar eiga bæði við um ríkin sem eru í NATO, Danmörku og Noreg, og utan, Svíþjóð og Finnland. Ekki skiptir máli hvorum megin við miðju stjórnvöldin eru. Öryggis- og varnarmálaáhrifin eru sá sami hjá hægri stjórninni í Svíþjóð og hjá vinstri stjórn Noregs.

Innan NATO hafa Norðmenn verið leiðandi í því að efla umræður um öryggi á norðurlóðum undir forystu utanríkisráðherra Jonas Gar Støre. Í fyrra sagði sænski varnarmálaráðherra Sten Tolgfors að Svíþjóð ætti að ganga í NATO því að Norðurlöndin hefðu ekki ein og sér næga hernaðarlega og pólitíska vigt.

Hér á landi eru varnarmálin í ákveðnu limbó í kjölfar tilkynningar ríkisstjórnarinnar um að leggja eigi niður Varnarmálastofnun í núverandi mynd í sparnaðarskyni.

Þeirri tilkynningu fylgdi yfirlýsing um að sá niðurskurður ætti ekki að bitna á varnar- og öryggisskuldbindingum Íslendinga. Hvernig útfæra á málið er á hinn bóginn óljóst á þessari stundu.

Varnarmálastofnun er rétt um árs gamalt fyrirbrigði. Stofnunin varð til á vakt Samfylkingarinnar í utanríkisráðuneytinu og ráðherra sama flokks hefur nú forystu um að leggja hana niður. Það er gott og vel ef tilgangurinn er að leiðrétta mistök en þetta eru ekki sannfærandi vinnubrögð.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAUFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Jón Kaldal jk@frettabladid.is ABSTODARITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt eflni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Alicante

í júlí

frá kr. 19.990

Kr. 19.990

Netverð á mann. Flugsæti aðra leið með sköttum til Alicante. Sérþibóð 1., 8., 15. og 22. júlí. Aðeins örfá sæti.

Allra síðustu sætin

Nú getur þú tryggt þér síðustu sætin í sólinu við Alicante í júlí á hreint ótrúlegu verði. Griptu tækifærið og tryggðu þér flugsæti á frábærum kjörum.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000

Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Vanhugsað persónukjör

Ríkisstjórnin hefur látið stærðfræðinginn Þorkel Helgason smíða fyrir sig frumvarp um persónukjör, til að svara kalli almennings um umbætur á kosningakerfinu. Frumvarpinu er eflaust ætlað að lægja öldur en virðist frekar munu ýfa þær ef marka má fyrstu viðbrögð. Þannig fær það óblíðar móttökur hjá Vinstri græningjanum Stefáni Pálssyni, sem kallar það vanhugsað og illa rökstutt, það geri lítið annað en að skikka kjósendur til að taka þátt í prófkjöri á kjördag og muni annaðhvort



auka flokksræði eða vægi peningafla í kosningum.

Hættuleg frægðarmenni

Friðjón R. Friðjónsson, kunnur hægriamaður, bætir um betur og segir frumvarpið beinlínis hættulegt, enda veiti það þjóðþekktu fólki enn meira forskot en það þegar hefur til stjórnmaláþátttöku. Áður en fólk signar sig yfir tilhugsuninni um fleiri sjónvarpsstjórnur á þingi er rétt að benda á það til hughreystingar að frumvarpið á enn eftir talsvert volk í þinginu og mun vafalítið slípast þar eitthvað til.

Ég veit það ekki

Mikið er rætt um möguleg-



ar afleiðingar þess ef Alþingi fellir ríkisábyrgð á láni vegna Icesave-samninganna. Til eru þeir sem telja að þá yrði Íslandi steypt í glötun, til dæmis hagfræðiprófessorar og ráðherrar. Þeir benda meðal annars á að þá fengist ekki frekari fyrirgreiðsla frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Aðrir málsmetandi menn segja þetta tóma þvælu, AGS muni alls ekki taka slíki ákvörðun illa.

Til að fá botn í þetta álítmál leitaði fréttastofa RÚV til Franeks Rozwadowski, sérlegs sendifulltrúa AGS á Íslandi. Og svar Franeks var skýrt: Hann veit ekki hver áhrifin á samstarfi við AGS yrðu. Og geta menn þá hætt að rifast.

stigur@frettabladid.is

Á eyrinni

Ef menn áttu leið á Ráðhústorgið í París í vor mætti augum þeirra undarleg sýn: þar gekk hópur manna hring eftir hring, án afláts bæði dag og nótt. Göngumennirnir báru spjöld, einstaka sinnum stöðvuðust þeir andartak áður en þeir tóku til við hringgönguna á ný; þá mynduðu spjöldin í sameiningu setninguna „Endalaus hringganga hinna þrjúskutu hefur nú staðið yfir í ... klukkutíma“, og var talan krotuð á svarta töflu með kritt. Þegar ég kom þangað fyrst stóð „389 klukkustundir“ á töflunni, síðar var talan komin rétt upp fyrir 900, og enn var gengið. Menn komu og snerust nokkra hringi, svo fóru þeir og aðrir komu í staðinn. Stundum voru þeir yfir hundrað, en á nóttunni lækkaði talan.

Þessi mikla hringganga hófst á hádegi 23. mars, og var hún liður í mótmælaaðgerðum kennara, stúdenta og vísindamanna gegn breytingum sem háskólamálaráðherra Valérie Pécresse, ætlaði að gera á háskólum og vísindastofnunum í landinu, að undirlagi Sarkozys sjálfs. Kannske varð Ráðhústorgið fyrir valinu vegna þess að það er mjög miðsvæðis í París, eins og liggur í hlutarins eðli, steinsnar frá Vorrar frúar kirkju, en það hafði vafalaust sitt að segja að þessi staður heitir réttu nafni „Eyrartorg“. Þegar verkamenn lögðu niður vinnu áður fyrir tóku þeir sér þar stöðu og hreyfðu sig hvergi, þeir voru sem sé um kyrrt „á eyrinni“ og af þeim sökum hefur verkfall æ síðan verið kallað „eyri“ (greve) á frönsku. Ekki bar á öðru en þessi hringganga fengi góðar undirtektir meðal þeirra fjölmörgu sem áttu leið um torgið; borgarstjórnin í París bauð göngu- og ferðisráðgjafi að skrifa til sín og drekka með sér te ef þeim yrði kalt, en þeir vildu ekki nema



EINAR MÁR JÓNSSON

Í DAG | Hringgangan endalaus

staðar. Einu sinni fengu þeir símskeyti, og á því stóð „Og samt snýst hún. Haldið áfram!“ Undirskriftin var Galileo Galilei.

GHOSTS OF A GIRLFRIEND PAST	kl. 5:45 - 8 7	ANGELS & DEMONS	kl. 10 14
GULLBRÁ	kl. 3:10 750 KR. FULLORÐNA 600 KR. BÖRN L		
TERMINATOR: SALVATION	kl. 10:30 12		
NIGHT AT THE MUSEUM 2	kl. 3:30 L		
ANGELS & DEMONS	kl. 5 14		

NÝTT Í BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

FLOTTASTA HASARMYND SUMARSINS

YEAR ONE

SAMBÍO SYNINGARTÍMAR	
TRANSFORMERS 2 - POWER	kl. 4, 7 og 10 10
YEAR ONE	kl. 4, 6, 8 og 10 7
GHOSTS OF GIRLFRIENDS PAST	kl. 6 og 8 7
GULLBRÁ	kl. 4 - Isl. tal L
TERMINATOR SALVATION	kl. 10 14

Fjör hjá Hemma og félögum

Hermann Hreiðarsson blés til styrktargolfmótsins Herminator Invitational í Vestmannaeyjum á laugar-dag. Heiðursgestur mótsins var Sol Campbell, félagi Hermanns hjá Portsmouth. Fjölmargir þjóðþekktir Íslendingar tóku þátt í mótinu sem var afar vel heppnað.



FLÖTTIR Í EYJUM Birkir Kristinsson, Eiður Smári Guðjohnsen, Hermann Hreiðarsson og Sol Campbell. MYNDIR/ÓSKAR

Helstu úrslit á mótinu voru þau að Herminator-bikarinn hlutu Björgólfur Takefusa og félagar, besti golfarinn var Vignir Freyr Andersen Lottókynninnir og Birkir Kristinsson þótti best klæddur. Sol Campbell þótti vera með bestu sveifluna.




STÍLL Magnús Scheving þótti líta vel út á vellinum.



STUND MILLI STRÍÐA Þrjú þjóðhátíðar-tjóld voru á vellinum þar sem golfararnir gátu hresst sig við.



GLÆSILEG SVEIFLA Eiður Smári hefur greinilega eitthvað komist í að spila golf í gegnum tíðina.



LITRÍKUR Auðunn Blöndal var í gulu og skemmti sér í miðborg Reykjavíkur í sömu fötum um kvöldið.

Costa del Sol

30. júní og 14. júlí

frá kr. **59.990** - 2 vikur

- með eða án fæðis

Aðeins örfá sæti & íbúðir á þessu kjörum!

Heimsferðir bjóða frábær tilboð á allra síðustu sætum til Costa del Sol þann 30. júní og 14. júlí í 2 vikur. Í boði er stökktu tilboð, með eða án fæðis, þar sem þú bókar sæti (og fæðisvalkost) og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Bjóðum einnig frábært sértílboð, með eða án fæðis, á Aguamarina íbúðahótelinu, einum af okkar allra vinsælustu gististaðnum á Costa del Sol. Ath. aðeins örfáar íbúðir í boði.

Verð kr. **59.990** - 2 vikur

Netverð á mann, m.v. 2-4 í herbergi / stúdíó / íbúð í 2 vikur. Stökktu tilboð 30. júní. Brottför 14. júlí kr. 64.990 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð í 2 vikur. Verð m.v. 2 saman kr. 74.990. Aukalega fyrir hálf fæði í 2 vikur kr. 44.000 fyrir fullorðna og kr. 22.000 fyrir börn.

Ótrúlegt sértílboð - Aparthotel Aguamarina ***

Verð kr. **69.990**

Netverð á mann, m.v. 2-4 í stúdíó / íbúð í 2 vikur. Sértílboð 30. júní. Brottför 14. júlí kr. 74.990 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð í 2 vikur. Aukalega fyrir hálf fæði í 2 vikur kr. 44.000 fyrir fullorðna og kr. 22.000 fyrir börn.

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

4
skemmtilegri

Kristall
plus
GÓBUR OG SVALANDI



SO YOU THINK YOU CAN

DANCE

Í KVÖLD KL. 20:00

**FRÁBÆRT
SUMARTILBOÐ**

Stöð 2, Stöð 3 Blá og Stöð 2 Extra
á aðeins 5990 kr á mánuði
í þrjú mánuði fyrir
kreditkortshafa
Visa

> Meira á Vísi

Fréttablaðið bendir lesendum á að hægt er að finna umfjöllun um alla leiki gærkvöldsins í Pepsi-deild karla á íþróttavef Vísis. Þar birtist umfjöllun um leikina, tölfræði, einkunnir og viðtöl við leikmenn og þjálfara. Á Vísi er einnig öllum leikjum deildarinnar lýst með beinni texta- og atburðalýsingu á Boltavakt Vísis og Fréttablaðsins. Þeir sem fylgjast með á Vísi eru vel upplýstir.



sport
sport@frettabladid.is

PEPSI-DEILD KARLA: FH SÓTTI ÞRJÚ STIG TIL EYJA OG VANN SINN NÍUNDA LEIK Í RÖÐ Í DEILDinni

Eyjamenn engin fyrirstaða fyrir meistarana

Það var leiðindaveður þegar FH-ingar komu í heimsókn til Vestmannaeyja og unnu sinn níunda sigur í röð, 0-3 á móti ÍBV. Leikurinn hófst af miklum kraft og strax á 9. mínútu var FH komið yfir. Matthías Vilhjálmsson fékk boltann fyrir utan teig, renndi honum til hliðar á Atla Guðnason sem sendi boltann fyrir á Atla Viðar Björnsson sem lagði boltann í netið. Ekki nema tíu mínútum seinna skoruðu FH-ingar sitt annað mark en þar var að verki Matthías Vilhjálmsson sem skoraði með hnitmiðuðu skoti af 20 metra færi. „Ég er mjög ánægður með leikinn, 0-3 sigur sem hefi getað verið mun stærrí. Það er alltaf erfitt að koma til Eyja að spila svo þetta var kærkominn sigur,“ sagði Matthías Vilhjálmsson FH-ingur sem var afar ánægður eftir leikinn. Matthías sagði einnig að sjálftraustið væri mikið í herbúðum FH og mórallinn góður. „Mórallinn er frábær, enda væri það algert rugl ef hann væri það ekki eftir níu sigurleiki í röð.“



Þegar fyrri hálfleikur var að klárast var Gauti Þorvarðarson rekinn út af eftir að hann fékk að lita sitt annað gula spjald. Seinna spjaldið fékk hann fyrri lítils háttar brot á fyrirlíða FH, Davíð Þór, sem lét sig falla með miklum tilþrifum í jörðina. Klárlega var um leikaraskap að ræða og spurning er hvort Þóroddur hafi séð atvikið. Eyjamenn komu betur stefndir til leiks í seinni hálfleik en FH gerði út um leikinn á 52. mínútu með marki frá Ásgeiri Gunnari Ásgeirssyni. Eftir það gerðist nú fátt markvert nema það að Þóroddur, dómari leiksins, hélt áfram að veifa spjöldum framan í þá sem svo mikið sem hugsuðu um að brjóta af sér. „Við lögðum upp með að pressa þá stíft, nokkuð sem fáir hafa gert í sumar, í stað þess að bakka of mikið sem engan árangur hefur borið en það var víst ekki að virka,“ sagði Pétur Runólfsson eftir leikinn. Hann fullyrkti þó að ÍBV myndi ekki tapa á móti FH í bikarnum eftir vikunni. „Við förum ekki að tapa tveimur heimaleikjum á sama tímabilinu á móti FH, það gengur ekki.“ - es

ÚRSLIT

Pepsi-deild karla:

Grindavík-Keflavík	1-1
ÍBV-FH	0-3
Fjölnir-Fram	1-2
0-1 Ívar Björnsson (43.), 1-1 Jónas Grani Garðarson (55.), 1-2 Almar Ormarsson (78.).	
Þróttur-Fylkir	1-2
0-1 Halldór Arnar Hilmisson (66.), 0-2 Jóhann Þórhallsson (80.), 1-2 Haukur Páll Sigurðsson (83.).	

STADAN:

FH	10	9	0	1	27-6	27
Stjarnan	9	6	1	2	24-11	19
Keflavík	10	5	3	2	18-15	18
KR	9	5	2	2	16-9	17
Fylkir	9	5	2	2	16-10	17
Valur	9	5	1	3	11-11	16
Breiðablik	8	3	2	3	13-14	11
Fram	10	3	2	5	11-13	11
Grindavík	9	2	2	5	11-21	8
ÍBV	9	2	0	7	7-16	6
Þróttur	10	1	2	7	9-23	5
Fjölnir	9	1	1	7	10-22	4

NÆSTU LEIKIR:

29. júní	KR-Breiðablik
1. júlí	Fylkir-ÍBV

ÍBV 0-3 FH

Hásteinsvöllur, áhorf.: ? Þóroddur Hjaltalin Jr. (5)

0-1 Atli Guðnason (9.)
0-2 Matthías Vilhjálmsson (19.)
0-3 Ásgeir Gunnar Ásgeirsson (53.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	12-18 (5-9)
Varin skot	Albert 7 - Daði 5
Horn	5-6
Aukaspjurnur fengnar	11-14
Rangstöður	4-3

ÍBV 4-4-2 FH 4-3-3

Albert Sævarsson 6	Daði Lárusson 5
Pétur Runólfsson 4	Guðm. Sævarsson 5
Eiður Sigurbjörnsson 5	(84., Björn Daniel Sv.-)
Andri Ólafsson 5	Tommy Nielsen 5
Matt Garner 5	(73., Víktor Guðm.-)
Tony Mawejje 4	Pétur Viðarsson 6
Yngvi Þorþórsson 5	Hjörtur Valgarðsson 5
(62., A. Nsumba 4)	(40., Freyr Bjarnas 5)
Chris Clements 4	Ásgeir G. Ásgeirsson 5
Ingi Rafn Ingibergs 5	Davíð Þór Viðarsson 5
(62., Viðar Kjartans 4)	*Matthías Vilhjálm. 7
Gauti Þorvarðarson 3	Tryggvi Guðmunds 5
Ajay Leitch Smith 5	Atli Guðnason 5
(62., Þórarinn Vald. 5)	Atli Viðar Björnsson 5

*Maður leiksins

Jafntefli í nágrannaslag

Grindavík og Keflavík skiptu með sér stigunum í nágrannaslag í Grindavík. Lokatölur 1-1. Keflavík skoraði úr umdeildri vítaspjurnu en Jósef jafnaði.

FÓTBOLTI Það var mikil stemmning í Grindavík þegar nágrannarnir í Keflavík komu í heimsókn í 10. umferð Pepsi-deildar karla í gærkvöldi. „Þetta er klárlega okkar besta frammistaða í sumar. Ég veit ekki hvort þetta eru endilega sanngjörn úrslit, mér fannst við eiga aðeins meira í þessu og það hefði getað skilað okkur þremur stigum. En ég er himinlifandi með frammistöðu liðsins og við litum út sem lið, bökkuðum vel saman og börðumst sem eitt lið í dag,“ sagði Lúkas Kostic, þjálfari Grindavíkinga, í samtali við Fréttablaðið. Fyrri hálfleikur var ágæt skemmtun þó svo að engin mörk hafi komið. Gilles Mbanga Ondo var hættulegur í liði Grindavíkur og áttu Keflvíkingar í stökustu vandræðum með hann. Hann átti hættulegasta færi heimamanna og var sífellt ógnandi. Heimamenn byrjuðu síðari hálfleikinn á svipaðan hátt og þeir luku þeim fyrri og það var því örliðið gegn gangi leiksins þegar Keflvíkingar komust yfir á 50. mínútu. Þar var að verki Magnús Sverrir Þorsteinsson með marki úr vítaspjurnu, sem Garðar Örn dæmdi réttilega. Eftir markið óx Keflvíkingum aðeins ásmegin en Grindavíkingar voru hættulegir í sínum aðgerðum. Á 74. mínútu náði Jósef Kristinn Jósefsson að jafna metin fyrir heimamenn með góðu skoti úr vítateignum eftir góða sókn Grindavíkinga. Það sem eftir lifði leiks gerðist fátt markvert, niðurstaðan 1-1 jafntefli sem verða að teljast nokkuð sanngjörn úrslit. „Ég er ekki sáttur með þetta. Við ætluðum að koma hingað og taka þrjú stig. Við náðum okkur ekki á strik í leiknum, náðum ekki að færa okkur nógu hratt fram á við. Þetta var



SPRÆKUR Scott Ramsay átti ágætan leik í liði Grindavíkur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ekki nógu gott hjá okkur í kvöld, það er alveg klárt,“ sagði fyrirlíði Grindavíkur. Guðjón Árni Antoníusson fyrirlíði Keflavíkur. - sjj

GRINDAVÍK	1-1	KEFLAVÍK
0-1 Magnús Þorsteinsson, víti (50.) 1-1 Jósef Kristinn Jósefsson (74.) Grindavíkurvöllur, áhorf.: 1.510 Garðar Örn Hinriksson (7)		Grindavík 4-5-1 Óskar Pétursson 6 - Ray Anthony Jónsson 5, Zoran Stamenic 7, *Bogi Rafn Einarsson 7 , Jósef Kristinn Jósefsson 6 - Gilles Ondo 7, Orri Freyr Hjaltalin 6, Scott Ramsay 7, Jóhann Helgason 5, Sylvain Soumare 5 (78., Eysteinn Húni Hauksson -), Þórarinn Kristjánsson 4 (64., Óli Baldur Bjarnason 5)
TÖLFRÆÐIN		Keflavík 4-4-2 Lasse Jørgensen 7 - Guðjón Árni Antoníusson 6, Bjarni Hólm Aðalsteinsson 6, Alen Sutej 6, Nicolai Jørgensen 4 - Magnús Sverrir Þorsteinsson 5, Einar Orri Einarsson 7, Jón Gunnar Eysteinnsson 5, Simun Samuelsen 6 (78., Haukur Ingi Guðnason -) - Hörður Sveinsson 5, Stefan Örn Arnarson 4 (62., Magnús Þórir Matthíasson 5)
Skot (á mark)	11-9 (7-3)	
Varin skot	Óskar 2 - Lasse 6	
Horn	14-4	
Aukaspjurnur fengnar	11-13	
Rangstöður	7-0	

DEEP FREEZE
snöggkælir

Deep Freeze snöggkælir vöðva og liði eftir meiðsli.

AUKAKRÓNUR

7 veiðihjól á ári fyrir Aukakrónur

Þú getur keypt þér 7 Abu Mitchell Avocet veiðihjól á ári hjá Ellingsen fyrir Aukakrónurnar sem safnast þegar þú notar A-kortið þitt - eða eitthvað annað sem þig langar í hjá samstarfsaðilum Aukakróna.

Sæktu um A-kort á www.aukakronur.is

* M.v. 150 þúsund kr. innlenda veruln á mánuði, þ.a. 1/3 hjá samstarfsaðilum. Sjá nánar á www.aukakronur.is.

410 4000 | landsbankinn.is

A-kortin Kreditkort sem safna Aukakrónum fyrir þig

Landsbankinn

HEFUR ÞÚ SÉÐ ÞETTA BARN?



Tugir þúsunda barna búa við örbirgð í stríðshrjáðum héruðum Kambódíu og Norður-Úganda. Þau þurfa að sjá fyrir sér með vinnu við ómanneskjulegar aðstæður og eru berskjölduð fyrir mansali og ofbeldi. Þau fá enga menntun og fara á mis við það sem við teljum eðlilega barnæsku.

Þú getur hjálpað þessum börnum og gefið þeim möguleika á menntun og betra lífi með því að gerast Heillavinur. 500–1.000 kr. framlag á mánuði getur breytt miklu í lífi barnanna. Skráðu þig á barnaheill.is eða í síma 580 8025.

Hringdu núna

580 8025

eða skráðu þig á
barnaheill.is



Barnaheill
Save the Children Iceland

Í 90 ára löngu starfi hafa Save the Children, alþjóðasamtök Barnaheilla, stuðlað að betra lífi milljóna barna um allan heim.

> Chad Michael Murray

„Mig langar að vera heilbrigður og hamingjusamur. Ég vil ekki særa neinn eða reita neinn til reiði. Ef það er lífsspeki, þá er það lífsspekin sem ég vil fylgja.“
Chad Michael Murray leikur í *One Tree Hill* sem sýndur er á Skjáeinum kl. 21.00



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ SIGRÍÐUR BJÖRG TÓMASDÓTTIR HORFÐI Á TÓNLIST Í SJÓNVARPINU

Gamalt amerískt og nýtt sænskt

Fyrir helgi var hitabylgju lofað um land allt af veðurfræðingum en skjáhula yfir höfuðborginni breytti áætlunum um letilíf í garðinum í letilíf yfir imbakassanum. Ég fann nefnilega hjá mér þörf að hanga með Michael Jackson og vissi sem var að það væri hægt að ganga að honum vísun í sjónvarpinu. Það kom líka á daginn að tónlistarstöðvarnar MTV og VH1 höfðu sópað fyrirhuguðum dagskrárlíðum út og lögðu dagskrána undir fallna poppkónginn, á báðum stöðvum var verið að sýna lög með Jackson.

Ég fann semsagt enga sérstaka þörf hjá mér til að hlusta á endalausar vangaveitur fréttamanna á fréttastöðvum um andlátíð og bílað líf Jackson, mig langaði bara til að rifja upp ferilinn. Myndbönd frá síðari hluta ferilsins voru hins vegar bara á dagskránni þegar ég fylgdist með og sá tími er ekki í uppáhaldi hjá mér. Þar fyrir utan er einfaldlega of

niðurdrepani að horfa á Jackson afskræmdan eins og hann var á seinni hluta ferilsins. Því endaði ég á því að gerast minn eigin dagskrárstjóri á Youtube og fann þar nóg af myndböndum frá tímanum er hann var geislandi og fagur drengur og ungur maður. Þótt gleðin hafi kannski verið blandin beiskju ef haft er í huga að faðir hans stóð með svipuna á lofti á hlíðarlínunni og þrælaði honum út.



Eftir fortíðarfund við einn af upphaldstónlistarmönnum æskunnar var kominn tími á að uppgötva eitthvað nýtt og það gerði ég í gæðabætti rásar tvö sænska ríkissjónvarpsins SVT2 sem býður áhorfendum að kynna sænskum tónlistarmönnum í sumar. Marit Bergmann var áhorfsins virði og framleiðslan og uppsetningin á þættinum Dom kallar oss artistar mjög flott. Sannarlega vitnisburður um hvað er hægt að gera áhugaverð sjónvarpsefni, sem heldur manni jafnvel við tækið á björtum sumarkvöldum.

MÁNUDAGUR



▶ 19.20 *The Simpsons* STÖÐ 2



▶ 19.40 *Seinfeld* STÖÐ 2 EXTRA



▶ 20.30 *Matarklúbburinn* SKJÁREINN



▶ 21.15 *Lifsháski* SJÓNVARPIÐ



▶ 22.00 *The Last King of Scotland* STÖÐ 2 BÍÓ

SJÓNVARPIÐ

- 16.35 *Leiðarljós*
- 17.20 *Táknmálsfréttir*
- 17.30 *Barnaefni*: Hanna Montana, Sammi, Millý og Molly, Halli og risaeldu-fatan
- 18.25 *Út og suður* (Hildur Hákonardóttir og Þór Vígfússon) (e)
- 19.00 *Fréttir*
- 19.30 *Veðurfréttir*
- 19.35 *Kastljós*
- 20.10 *Í fótspor Tangerúbúans* (3:3) (Travels With a Tangerine: Staðvindar) Í þessum breska heimildamyndaflokki fetar ferðabókahöfundurinn Tim Mackintosh-Smith í fótspor Ibn Battúta frá Marokkó sem fór í 120 þúsund km ferðalag um lönd Íslands á 14. öld, kvæntist tíu sinnum á leiðinni og gat ótal börn.
- ▶ 21.15 *Lifsháski* (Lost V)
- 22.00 *Tíufréttir*
- 22.15 *Veðurfréttir*
- 22.20 *Íslenski boltinn* Sýnd verða mörkin úr síðustu leikjum á Íslandsmóttinu í fótbolta.
- 23.05 *Aðþrengdar eiginkonur* (Desperate Housewives V) (e)
- 23.50 *Hringiða* (6:8) (Engrenages) (e) Franskur sakamálamyndaflokkur. Ung kona finnst myrt og lögreglukona, saksóknari og dómari sem koma að rannsókn málsins hafa hvert sína sýn á réttlætið. Aðallhluverk: Grégory Fitoussi, Caroline Proust og Philippe Duclos.
- 00.40 *Kastljós* (e)
- 01.10 *Dagskrárlök*

BÍÓ

- 08.00 *You Can't Stop the Murders*
- 10.00 *Fjölskyldubíó. Jimmy Neutron. Boy Genius*
- 12.00 *Bowfinger*
- 14.00 *P.S.*
- 16.00 *You Can't Stop the Murders*
- 18.00 *Fjölskyldubíó. Jimmy Neutron. Boy Genius*
- 20.00 *Bowfinger*
- ▶ 22.00 *The Last King of Scotland*
- 00.00 *Borat. Cultural Learnings of American*
- 02.00 *Mean Creek*
- 04.00 *The Last King of Scotland*
- 06.00 *The Addams Family*

STÖÐ 2

- 07.00 *Barnaefni*: Áfram Diego, áfram!, Kalli litli Kanína og vinir, Ævintýri Juniper Lee
- 08.15 *Oprah*
- 08.55 *Í finu formi*
- 09.10 *Bold and the Beautiful*
- 09.30 *Doctors* (3:26)
- 09.55 *Doctors* (4:26)
- 10.20 *Jamie's Chef* (4:4) Jamie Oliver aðstoðar lærisveina sína af veitingahúsinu Fift-een við að setja á laggimar þeirra eigin veitingahús frá grunni.
- 11.10 *Gossip Girl* (11:18)
- 11.50 *Grey's Anatomy* (18:24)
- 12.35 *Nágrannar*
- 13.00 *Hollyoaks* (221:260)
- 13.25 *Sleepover*
- 15.10 *ET Weekend*
- 15.55 *Barnaefni*: A.T.O.M., Galdrastelpumar, Ævintýri Juniper Lee
- 17.08 *Bold and the Beautiful*
- 17.33 *Nágrannar*
- 17.58 *Friends* (3:24)
- 18.23 *Veður*
- 18.30 *Fréttir Stöðvar 2*
- 18.47 *Íþróttir*
- 18.54 *Ísland í dag*
- 19.06 *Veður*
- ▶ 19.20 *The Simpsons* (15:25)
- 19.45 *Two and a Half Men* (18:24)
- 20.10 *So You Think You Can Dance* (4:23) Stærsta danskeppni í heimi snýr aftur.
- 21.35 *So You Think You Can Dance* (5:23)
- 22.25 *Entourage* (8:12)
- 22.50 *The Best Years* (1:13) Hér eru á ferðinni frábærir framhaldsþættir um unglingsstúlkuna Samönthu Best sem hefur ekki átt fastan punkt í tilverunni því síðustu ár hefur hún verið flutt á milli fósturheimila. Nú er hún að hefja skólagöngu í virtum háskóla og þar þarf hún að læra að takast á við háskólalíf, ástina og það sem aðrir myndu kalla eðlilegt líf.
- 23.40 *Primer*
- 00.55 *Bones* (16:26)
- 01.40 *Sleepover*
- 03.05 *Acacia*
- 04.35 *The Best Years* (1:13)
- 05.20 *Friends* (3:24)
- 05.45 *The Simpsons* (15:25)
- 05.30 *Fréttir og Ísland í dag*

SPORT

besta sætið

- 07.00 *Grindavík - Keflavík* Útsending frá leik í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.
- 16.25 *Kaupþingsmótið* Sýnt frá Kaupþingsmóttinu en þangað voru mættir til leiks fjöldi drengja í 7. flokki í knattspyrnu. Mátti sjá lipur tilþrif en þar leynast framtíðarstjórnur íslenskrar knattspyrnu.
- 16.55 *Grindavík - Keflavík* Útsending frá leik í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.
- 18.45 *Pepsímörkin 2009* Magnaður þáttur þar sem Magnús Gylfason og Tómas Ingi Tómasson fara yfir alla leiki umferðinnar ásamt íþróttarfréttamönnum Stöðvar 2 Sport.
- 19.45 *KR - Breiðablik* Bein útsending frá leik í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.
- 22.00 *Rúnar Kristinsson* Fjórði þátturinn af tíu í þessari mögnuðu þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar. Í þessum þætti verður fjallað um Rúnar Kristinsson og hans ferill skoðaður.
- 22.45 *KR - Breiðablik* Útsending frá leik í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.

SPORT 2

enski boltinn

- 07.00 *W13 - W14*
- 19.00 *Leeds - Liverpool, 2000* Hápunktarnir úr bestu og eftirminnlegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
- 19.30 *Manchester City - Tottenham, 1994* Hápunktarnir úr bestu og eftirminnlegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
- 20.00 *L13 - L14*
- 21.40 *W13 - W14*
- 23.20 *Enska úrvalsdeildin. Newcastle - Arsenal* Útsending frá leik Newcastle og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

- 06.00 *Óstöðvandi tónlist*
- 08.00 *Rachael Ray* (e)
- 08.45 *Óstöðvandi tónlist*
- 17.35 *Rachael Ray*
- 18.20 *The Game* (20:22)
- 18.45 *America's Funniest Home Videos* (40:48) (e)
- 19.10 *Robin Hood* (2:13) (e)
- 20.00 *What I Like About You* (8:24) Bandarísk gamanseria um tvær ólíkar systur í New York. Aðallhluverkin leika Amanda Bynes (What a Girl Wants og She's the Man) og Jennie Garth (Beverly Hills, 90210).
- ▶ 20.30 *Matarklúbburinn* (2:8) Nýr íslenskur matreiðsluþáttur þar sem landsliðskokkurinn Hrefna Rósa Sætran matreiðir ljúffenga og einfalda rétti fyrir áhorfendur og gesti sína. Að þessu sinni matreiðir Hrefna bleikju með eggjabrauði, grísalund með sætkartöflusalati og tofu með chili og spínati.
- 21.00 *One Tree Hill* (23:24) Bandarísk þáttaröð um hóp ungmenna sem ganga saman í gegnum súrt og sætt.
- 21.50 *CSI* (24:24) Bandarískir þættir um stórf rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas.
- 22.40 *Penn & Teller: Bullshit* (13:59) Skemmtilegur þáttur þar sem háðfuglarnir Penn & Teller leita sannleikans. Takmark þeirra er að afhjúpa svikahrappa og lyglaupa með öllum tiltækum ráðum.
- 23.10 *The Dead Zone* (3:13) (e)
- 00.00 *Flashpoint* (11:13) (e)
- 00.50 *Óstöðvandi tónlist*

INN

- 20.00 *Eldað Íslenskt* Matreiðsluþáttur þar sem sýnt er hvernig best sé að elda íslenskar kjötafurðir
- 20.30 *Frumkvöðlar* Gestir þáttarins eru Gísli Gíslason, Sighvatur Lársson og Sturla Sighvatsson.
- 21.00 *7 leiðir með Gaua litla* Guðjón Sigmundsson, Sigurbjörg Jónsdóttir og Viðar Garðarsson annast umsjón.
- 21.30 *Í nærveru sálar* Umsjón hefur Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



410 4000 | landsbankinn.is



AUKAKRÓNUR

14 pizzur á ári fyrir Aukakrónur

Í hverjum mánuði geturðu fengið þér stóra og rjúkandi heita Dinamít pizzu hjá **Dominos** fyrir Aukakrónurnar sem safnast þegar þú notar A-kortið þitt - eða eitthvað annað sem þig langar í hjá samstarfsaðilum Aukakróna.

Sæktu um A-kort á www.aukakronur.is

* M.v. 150 þúsund kr. innlenda veruln á mánuði, þ.a. 1/3 hjá samstarfsaðilum. Sjá nánar á www.aukakronur.is.



A-kortin
Kreditkort sem safna Aukakrónum fyrir þig



Í KVÖLD

▶ VIÐ MÆLUM MED
Í FÓTSPOR TANGERBÚANS

Sjónvarpið kl. 20.10

Þessum breska heimildamynda-flokki fetar ferðabókahöfundurinn Tim Mackintosh-Smith í fótspor Ibn Battúta frá Marokkó sem fór í 120 þúsund kílómetra ferðalag um lönd íslams á 14. öld, kvæntist tíu sinnum á leiðinni og gat ótal börn. Síðan hefur veröldin gjörbreyst og Mackintosh-Smith kynnir sér líf múslima nútímans og hvernig miðaldaarfurinn frá tíð Battúta lítar heim þeirra. Hann rekur slóð miðaldamannsins frá Marokkó til Kína um Egyptaland, Indland og Maldíveyar.



STÖÐ 2 KL. 22.50

The Best Years

Hér eru á ferðinni frábærir framhaldspættir um unglingsstúlkuna Samönthu Best sem hefur ekki átt fastan punkt í tilverunni því síðustu ár hefur hún verið flutt á milli fósturheimila. Nú er hún að hefja skólagöngu í virtum háskóla og þar þarf hún að læra að takast á við háskóla lífið, ástina og það sem aðrir myndu kalla eðlilegt líf.



EXTRA

16.45 Hollyoaks (220:260)

17.15 Hollyoaks (221:260)

17.40 E.R. (18:22)

18.25 Seinfeld (2:22)

18.45 Hollyoaks (220:260) Bresk unglingsápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.

19.15 Hollyoaks (221:260)

▶ 19.40 Seinfeld (2:22)

20.15 Grey's Anatomy (21:24)

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.20 Ísland í dag

21.40 Aliens in America (6:18) Stórskemmtilegir gamanþættir um Raja, ungan skiptinema frá Pakistan sem býr hjá Tolchuck fjölskyldunni í Wisconsin. Hann er múslimi en þau sannkristinn, sambúðin gengur því ekki alltaf hnökurlaust fyrir.

22.05 Prison Break (22:24) Það er komið að hörkuspennandi lokapætti af Prison Break. Framleiðendur hafa lofað ræklegru sprengju, óvæntri fléttu og endalokum sem eiga eftir að fá alla til að standa á öndinni af undran.

22.50 Lie to Me (3:13) Spennubáttaröð um hóp af sérfræðingum sem öll eru fremst í sínu fagi. Með sálfræði, atferlisfræði og einstökum hæfileikum í að greina í andlitsdráttum skjólstæðinga hvort þeir segi sannleikann eða séu að ljúga, leysir The Lightman Group erfiðustu málin fyrir Alríkislögregluna, lögfræðistofur, fyrirtæki og einstaklinga.

23.35 Sjáðu

00.00 E.R. (18:22)

00.45 Grey's Anatomy (21:24)

01.30 Fréttir Stöðvar 2

02.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

10.00 Jonathan Creek 10.50 Jonathan Creek 11.45 The Black Adder 12.15 The Weakest Link 13.00 EastEnders 13.30 My Hero 14.00 My Hero 14.30 The Black Adder 15.00 Jonathan Creek 15.50 Jonathan Creek 16.45 EastEnders 17.15 The Weakest Link 18.00 My Hero 18.30 The Black Adder 19.05 Extras 19.35 Coupling 20.05 Torchwood 20.55 Any Dream Will Do 22.00 My Hero 22.30 The Black Adder 23.05 Extras 23.35 Coupling

DR 1

10.20 21. Sondag 11.00 Sá er der pakket 11.30 Tæt på dyrene til flyttested på savannen 12.00 Det lille hus på prærien 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 Flight 29 savnes! 13.30 SommerSummerum 13.35 Svampebob Firkant 13.55 SommerSummerum 15.05 Trolldomsæskan 15.30 Alle vi børn i Bulderby 16.00 Koste hvad det vil 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 SommerVejret 17.05 Klovedal i Indonesien 18.05 Egyptens gåder 19.00 TV Avisen 19.25 SportNyt 19.30 SommerVejret 19.40 Horisont Special. Pakistans Taleban generation 20.40 Kriminalkommissær Foyle 22.15 Seinfeld

NRK1

10.00 VM sandvolleyball 12.00 Wimbledon direkte og VM sandvolleyball 15.50 Oddasat - nyheter på samisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Små Einsteins 16.25 Vennene på Solfløkken 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Når dyr reddar liv 17.55 Borettslaget 18.25 Landeplage 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 Sommeråpent 20.15 The Street 21.15 Kveldsnytt 21.30 VM sandvolleyball. Hoydepunkter fra dagen 21.45 Derrick 22.45 Dei store krigrane 23.35 Sport Jukeboks

SVT 1

10.30 Kunskap och vetande 12.35 Hon dansade en sommar 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 14.55 Vårt hus - en mögelfälla 15.25 Sommardid 15.55 Rymden 16.00 Rapport med A-ekonomi 16.10 Regionala nyheter 16.15 Älskar dig för evigt? 16.45 Med huvudduk och höga klackar 17.15 Via Sverige 17.30 Rapport med A-ekonomi 17.50 Regionala nyheter 18.00 Det nya landet 19.00 Kommissarie Montalbano 20.40 Allsång på Skansen 21.40 Plus sommar 22.10 En kärlekssång till Bobby Long

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.38 Morgunfrúin

06.50 Bæn

07.03 Morgunfrúin - heldur áfram

07.30 Fréttayfirlit

08.00 Morgunfréttir

08.11 Morgunstund með KK

08.30 Fréttayfirlit

09.05 Okkar á milli

09.45 Morgunleikfimi

10.13 Stefnumót

11.03 Samfélagið í nærmynd

12.02 Hádegisútlarp

12.20 Hádegisfréttir

12.50 Dánarfréttir og auglýsingar

13.00 Á sumarvegi

14.03 Dimitri og dívarnar þrjár

15.03 Útlarpssagan: Sumar í Sóltúni

15.25 Fólk og fræði

16.00 Síðdegisfréttir

16.10 Veðurfréttir

16.13 Hlaupanótan

17.03 Vísja

18.00 Kvöldfréttir

18.16 Spegillinn

19.00 Á sumarvegi

20.00 Leynifélagið

20.30 Kvika

21.10 Framtíð lýðræðis

22.00 Fréttir

22.12 Orð kvöldsins

22.15 Kvöldsagan: Sólun Islandus

22.45 Bláar nótur í bland

23.20 Lostafulli listræninginn

00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður



MORGUN VAKTIN

LÁRA OG FREYR Á NÝRRI MORGUNVAKT Á RÁS 2 FRÁ KL. 6.45 TIL 9.00 ALLA VIRKA DAGA



RÁS 2

- Fyrst og fremst á morgnana

HVAD SEGIR MAMMA?



„Auðvitað erum við stolt af þessum árangri hennar. Það hefur aldrei þurft að hvetja hana til að æfa og ég vona að hún haldi uppteknum hætti í framtíðinni.“

Aðalheiður Böðvardsdóttir, móðir Helgu Margrétar Þorsteinsdóttur, sem bætti eigið Íslandsmet í sjöþraut í Tékklandi.

Gómsætar minningar

„Upprunalega hugmyndin varð til í kringum vinnu í stuttum kúrs við Listaháskólann. Þar áttum við að vinna verkefni fyrir sælgætisverksmiðjuna Nóa Sírius. Ég ákvað svo að halda verkefninu áfram og notaði hugmyndina í lokaverkefni mitt og þróaði það töluvert og við það breyttist konseptið og ég hætti að vinna með klisjur og fór að vinna meira með raunveruleikann.“ segir Arna Rut Þorleifsdóttir vöruhönnuður um minjagripni sem hún hefur hannað.

Minjagripirnir eru nokkuð óvenjulegir fyrir þær sakir að þeir eru búnir til úr súkkulaði sem unnið er í samstarfi við Sandholt-bakaríð. Innblástur sótti Arna Rut í sitt nánasta umhverfi þar sem hálfkláruð hús, vinnupallar og byggingakranar blöstu hvarvetna við og


eru gripirnir eftirlíking af þessum hálfkláruðu húsum.

„Mig langaði líka að gera einstakan minjagrip, eitthvað sem væri ólíkt því sem nú þegar er til. Eins langaði mig að gera minjagrip sem myndi ekki enda ofan í skúffu í framtíðinni,“ segir Arna Rut. Hún segir súkkulaðið hafa fengið góðar viðtökur og er meðal annars hægt að nálgast það í versluninni Kraum, 66°N, Kaffi Loka og í Hallgrímskirkju, en eitt mótið er einmitt af kirkjunni.

- sm

SÚKKULADIMINJAR Lilja Hrönn Helgadóttir höndlar einn minjagrip Örnú Rutar.

MYND/MARÍA GUBRÚN RÚNARSÓTTIR



LÁRÉTT 2. dæsa, 6. samþykki, 8. hestaskítur, 9. gubb, 11. skóli, 12. farið með, 14. bátur, 20. tveir eins, 17. fiskur, 18. eyrir, 16. dreifa, 21. faðmrag.

LÓÐRÉTT 1. dans, 3. snæddi, 4. alls, 5. skel, 7. ákvörðun, 10. fóstara, 13. jarðsprunga, 15. klúryrði, 16. verkur, 19. ullarflóki.

LAUSN

Klám, 16. tak, 19. rú. 5. aða, 7. ályktun, 10. ala, 13. gjá, 15. LÓÐRÉTT: 1. djæf, 3. át, 4. samtals, 11. ma, 12. fyllt, 14. kajak, 16. tt, 17. LÁRÉTT: 2. mása, 6. já, 8. tað, 9. aela,

STEYPUGLJÁI



Clear Guard Steypugljái fyrir stimplaða steypu, bílplön og stéttar. Fáanlegt: 3,8 og 19 lítrar.

MÚRBÚÐIN

- Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - www.murbudin.is

Auglýsingasími

512 50 50

- Mest lesið

STEFÁN PÁLSSON: MENN EIGA AÐ ÞEKKJA SÍN TAKMÖRK OG SINN STAÐ

Ný ræðukeppni veldur usla

„Þetta er yndislegur heimur fyrir fólk að detta inn í og hafa áhuga á,“ segir Bragi Páll Sigurðarson sem ætlar að halda ræðukeppni fyrir almenning í sumar.

Á meðal þeirra sem hafa staðfest þátttöku sína eru rapparinn Dóri DNA og Atli Bollason úr Sprengjuhöllinni, sem eru reyndir Morfis-menn, auk þess sem vonir standa til að Gísli Marteinn Baldursson, Inga Lind Karlsdóttir, Helgi Hjörvar og Sigmar Guðmundsson taki þátt.

„Mig hefur alltaf langað til að færa þetta skrýtna Morfis-fyrirkomulag til almennings af því að þetta þekktist hvergi annars staðar. Ræðukeppnir í Bandaríkjunum eru hundleiðinlegar eftirhermur af því að fólk sé að verja doktorsritgerðir og Junior Chamber á Íslandi sem Morfis er byggt á er til sjálfsstyrkingar fyrir aumingja,“ segir Bragi Páll og dregur ekkert undan. „Það að hrokafullir drullusokkar séu að skiptast á að rífast veit ég ekki til að sé til sem keppnisform neins staðar annars staðar. Mig hefur alltaf langað til að koma Morfis í sjónvarp eða vekja athygli á því þannig að fólk geti horft á keppnirnar því það veit enginn nema þeir sem hafa farið á svona keppnir hversu mikil skemmtun þetta er.“

Bragi heldur fyrstu keppnina næst-

STEFÁN PÁLSSON

Stefán ætlar ekki að taka þátt í ræðukeppninni Braga Páls.



BRAGI PÁLL SIGURÐSSON Bragi Páll ætlar að halda ræðukeppni fyrir almenning í sumar og lofar skemmtilegum viðburði.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

komandi fimmtudag í Austurbæ í samvinnu við samtökin Frumkvæði. Eftir það verða tvær keppnir haldnar í viku fram að menningarnótt þar sem aðalkeppnin fer fram á Ingólfs-torgi.

Stefán Pálsson, fyrrverandi keppandi og þjálfari í Morfis, er ekki jafnhrifinn af þessari nýju ræðukeppni og Bragi Páll.

Hann telur að hún eigi ekkert erindi til almennings og sé best geymd innan veggja framhaldsskólanna.

„Ég hafði einstaklega gaman af Morfis þegar ég var sjálfur í menntó og hafði meira að segja góðan pening upp úr því þegar ég var í háskóla að þjálf

Morfis-lið með ágætis árangri en það er afar fátt í þessu pródukti sem á erindi út fyrir framhaldsskólana. Þetta er menntaskóla-skopskyn í sinni tærustu mynd en það er nú bara eðlilegt að framhaldsskólanum finnst heimurinn hverfast dálítið um sjálfa sig og skilja ekki af hverju fólk vill ekki bara sitja og klappa,“ segir Stefán. „Þetta virkar í sínu umhverfi. Menntu voru að streða við að sýna frá þessu og lýsa þessu í útvarpi en það var aldrei sérstaklega gott fjölmiðlaefni.“

Stefán á ekki von á því að margir gamlir ræðujaxlar fái til að taka þátt í keppninni og sjálfur hefur hann engan áhuga á verkefninu. „Ég reikna með því að þetta brái af mönnum en hins vegar breytir það því ekki að mér þykir mjög vænt um Morfis-keppnina og ég ætla rétt að vona að hún haldi áfram að lifa og dafna. En menn eiga bara að þekkja sín takmörk og þekkja sinn stað.“

freyr@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Gestir á tónleikum Hjaltalín á Nasa á laugardagskvöld fengu óvæntan bónus þegar sveitin hafði lokið sér af. Þegar fólk var farið að tínast úr salnum og meðlimir sveitarinnar voru að ganga frá á sviðinu strunsaði landsliðsryrliðinn **Hermann Hreiðarsson** upp á svið, góðgláður mjög. Hemmi var að skemmta sér í bænum með Heiðari Helgusyni og fleirum sem tekið höfðu þátt í golfmóti hans í Vestmannaeyjum og voru flestir enn klæddir í skrautleg golföt, Hermann þar með talinn. Högni Egilsson, söngvari og gítarleikari Hjaltalín, var sá eini í bandinu sem eftir var þegar Hemmi heimtaði að fá að taka lagið. Hann varð því að raula með og spila undir fremur misheppnuðum tilraunum fótbolta-kappans við að syngja Þú komst við hjartað í mér. Þegar Hermann hafði fengið nóg af söngnum stökk hann út í sal að síð rokkstjarna en þá hafði fækkað svo í áhorfendaskaranum að enginn var til að grípa hann.

Handboltamaðurinn **Róbert Gunnarsson** gekk í það heilaga á laugardag með unustu sinni til margra ára, Svölu Sigurðardóttur. Létt og skemmtileg stemning var yfir brúðkaupinu sem fram fór í Frikirkjunni. Var bryddað þar upp á þeirri nýbreytni að fá gítarleikara til að spila með í brúðarmarsinum þegar þau gengu úr kirkjunni. Þótti viðstöddum sem þeir væru komnir inn í miðja bíómynd frá niunda áratugnum. Veislan var svo haldin í Rúbín í Öskjuhlíð. Gestir fengu popp og kók þegar þeir mættu á staðinn og fjölmargir félagar Róberts úr handboltalandsliðinu voru á meðal gesta.

Bryndís Ásmundsdóttir söng en senuþjófurinn var veislustjórinn Snorri Steinn Guðjónsson sem sagði ófáa brandara um líkamsþyngd félaga síns.

- hdm

HEITIR POTTAR



Rafmagnspottar og hitaveituskeljar Í MIKLU ÚRVALI.

VERÐ FRÁ 198.000,-

Heitir Pottar og Skeljar Kleppsvégi 152 sími 554 7755

heitirpottar.is

Sest á skólabeck í haust

Leiknonan Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir hyggst setjast aftur á skólabeck í haust og mun stunda nám í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands. „Þetta er búið að blunda í mér í svölitinn tíma. Ég er búin að vera að spá í framhaldsnámi í næstum þrjú ár en alltaf hætt við þar til núna,“ segir Ísgerður Elfa. Hún segist kvíða því svölitið að hefja bóklegt nám aftur en hlakkar einnig mikið til að takast á við háskólanámið.

„Ég hef ekki alltaf haft brennandi áhuga á stjórnmálum heldur hefur áhuginn komið svölitið með aldrinum. Tími minn í Kastljósinu hafði einnig mikið um það að segja að stjórnmálafræðin varð fyrir valinu. Stjórnmál eru líka

svo stór þáttur í daglegu lífi fólks þannig að það er ágætt að geta fylgst almennilega með.“ Aðspurð segist Ísgerður ekki hafa lagt leiklistina á hilluna þrátt fyrir námið í stjórnmálafræði né sé stefnan tekin á þing í framtíðinni. „Mér finnst gaman að læra og þetta nám opnar fleiri dyr fyrir mann í framtíðinni. Ætli ég sé ekki svölitið eins og Georg Bjarnfreðarson, mér finnst gaman að safna háskólagráðum,“ segir Ísgerður að lokum.

- sm

ÍSGERÐUR ELFA segist hafa fengið aukinn áhuga á stjórnmálum eftir tíma sinn í Kastljósi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON





Tjaldaland Útilífs er við hliðina á TBR-höllinni

Uppsett tjöld
til sýnis
alla virka daga
frá kl. 10-17.



Taranto 6 manna
fjölskyldutjald með tveimur svefntjöldum.
Stórt fortjald með dúk milli svefntjaldanna.
Polyester límdir saumar.
UPPSELT



Ancona 4ra og 5 manna
braggatjald. Fortjald með dúk sem opnast á tvo vegu.
Polyester límdir saumar.
Verð **44.990/52.990 kr.**



Como 4ra og 6 manna
fjölskyldutjald með tveimur svefntjöldum.
Fortjald er á milli svefntjaldanna. Tveir inngangar.
Polyester límdir saumar.
Verð **29.990/39.990 kr.**



Jasper 5 manna
braggatjald. Opnast á tvo vegu.
Stórt fortjald með dúk. Polyester límdir saumar.
Verð **39.990 kr.**

Njóttu sumarsins í góðu tjaldi



The North Face Tadpole
2ja manna
göngutjald. Nylon með silicon húð 1.500 mm.
Verð **47.990 kr.**



Fjall raven Akka R/S
2ja og 3ja manna
topp göngutjald með góðu fortjaldi.
Er með góða vatnsvörn og er stöðugt í vindi.
Rip stop polyester 4.000 mm.
Verð **79.990/89.990 kr.**



Kira 3ja manna
kúltjald með fortjaldi. Polyester límdir saumar.
Verð **19.990 kr.**



Nevada 3ja manna
sigilt kúltjald.
Polyester límdir saumar.
Verð **16.990 kr.**

BAKÞANKAR
Þórhildar Elínar
ElínardótturNýting
og niðurrif

Nú á miðju sumri hopar jafnvel ljótleiki kreppunnar dálítið fyrir birtunni, næstum allt virðist fallelgra í góðu veðri. Ummerki hrunsins eru þó hvarvetna sýnileg, jafn sorglega æpandi og daglegar fréttir af atvinnuleysi og gjaldþrotum. Enginn er ósnortinn, nema að því er virðist þeir sem í eigin þágu hjuggu harðast í undirstöðurnar en sýna nú ekki snefil af eftirsjá.

UM daginn birtist lítil en athyglisverð frétt í Mogganum. Þar segir frá bandarískri hugmynd um að rífa hverfi í niðurníðslu til að stemma stigu við hnignun borga og því líkt við það þegar visin grein er sniðin af annars lifandi tré. Í stað þess að bíða eftir því að yfirgefnar byggingar smiti vesöldinni út í umhverfið sé betra að skipuleggja borgina upp á nýtt, fjarlægja ræksnin.

SJALDAN höfum við haft meiri þörf fyrir gagnlegt ímyndunarafl og nú. Vissulega er hér enn ekki að finna niðurníðslu hverfi sambærileg þeim sem kveiktu umrædda hugmynd, en kannski getum við staðfært hana og notað, því nógur er efniviðurinn. Til dæmis fjöldinn allur af óseldum íbúðum, hálfkórúðum byggingum og verklausum vinnuvélum. Sívaxandi atvinnuleysi. Félagslegar íbúðarblokkir. Og skortur á fangelsisrými svo nú þurfa brotamenn jafnvel að deila herberginu sínu. Varðandi það síðasta verð ég reyndar að játa að samúð mín er dálítið upptekin, til dæmis hjá heiðarlegu fólki á elleheimilum sem allt of lengi hefur þurft að setta sig við að kúldrast síðustu æviárin með herbergisfélögum. En burtséð frá mínum privat skoðunum höfum við ýmis verkefni við höndina.

Í fyrsta lagi eiga ríkisbankarnir nú þegar fjölda auðra íbúða vítt og breitt. Samansöfnuð vandamál hafa tilhneigingu til að eflast fremur en leysast. Í stað þess að hruga þeim félagslega þurfaði saman á fáa fátæktarstimplaða staði væri hægt að bjóða þeim betri kosti og nýta þannig þetta ónotaða húsnæði. Í öðru lagi eru niðurníðdu félagsíbúðarblokkirnar hvergi betur komnar en á haugunum og til þess höfum við nú margar margar verklausar, en vinnufúsar hendur. Í þriðja lagi standa efstu hæðirnar á ljóta glerturninum í Borgartúnu auðar og eru upplagðar í nýtt fangelsi. Glæsilegt skuldafangelsi fyrir til dæmis þá sem komu okkur á kaldan klakann.

GÓÐAN DAG!
Í dag er mánudagurinn 29. júní.
180. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	3.03	13.31	23.58
Akureyri	1.51	13.16	0.37

Heimild: Almanak Háskólans

Eru tjaldstæði
landsins
að fyllast?

Flugsæti til Evrópu, verð frá:

12.900 kr.

Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum. Um er að ræða valdar dagsetningar og takmarkað sætaframboð.

Börn:
25-50%

Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingsskipt af verði fyrir skatta og aðrar greiðslur á viðkomandi áfangastöðum.

BÓKAÐU
NÚNA!

Með góðri skipulagningu og útsjónarsemi geturðu ferðast til Evrópu á svipuðu verði og þú gerir innanlands.

Enn eru til flugsæti á frábæru verði til sumarfangastaða okkar í Evrópu. Við fljúgum til 17 áfangastaða í sumar svo allir geta fundið sér áfangastað sem freistar. Gerðu eitthvað eftirminnilegt í sumar og skelltu þér út til Evrópu, þú átt það skilið.

Ævintýrið byrjar á www.icelandexpress.isIceland Express 
með ánægju